



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri



**VARDÁ**

Rannsóknastofnun  
vinnumarkaðarins

# Ójöfnuður meðal kvenna í Íslensku samfélagi

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal kvenna á Íslandi*

*Ágúst 2024*

Rannsókn þessi er styrkt af:



Byggðarannsóknasjóði



JAFNRÉTTISSJÓÐUR  
ÍSLANDS



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

Rannsóknasjóði HA



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri



VARÐA  
Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Ójafnuður meðal kvenna í íslensku samfélagi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal kvenna.

Útgefandi: Háskólinn á Akureyri og Varða, rannsóknastofnun vinnumarkaðarins  
Höfundar: Berglind Hólm Ragnarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir og Maya Staub  
Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Anna Soffía Víkingsdóttir, Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Maya Staub

Norðurlóð 2, Sólborg  
600 Akureyri  
Netfang: [unak@unak.is](mailto:unak@unak.is)  
Vefsíða: [unak.is](http://unak.is)  
ISBN númer: 978-9935-505-13-2

© Háskólinn á Akureyri, 2024

## Efnisyfirlit

Samantekt á helstu niðurstöðum .....	1
1 Inngangur .....	2
2 Aðferð .....	3
2.1 Fyrirlögn .....	3
2.2 Svarhlutfall .....	3
2.3 Vigtun gagna .....	3
2.4 Helstu mælingar .....	4
2.5 Marktækniþróf .....	5
3 Niðurstöður .....	6
3.1 Staða á vinnumarkaði .....	12
3.2 Fjárhagsstaða .....	18
3.3 Traust til opinberrar þjónustu .....	29
3.4 Samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs .....	32
3.5 Huglæg stéttarstaða .....	36
3.6 Líkamleg heilsa .....	39
3.7 Andleg heilsa .....	43
3.8 Félagsleg staða .....	57
3.9 Líðan eftir búsetu .....	65
Heimildaskrá .....	69

## Töfluyfirlit

<b>Tafla 1.</b> Túlkunarviðmið DASS-21 fyrir alvarleika einkenna. ....	5
<b>Tafla 2.</b> Lýðfræðileg samsetning. ....	7
<b>Tafla 3.</b> Lýðfræðileg samsetning eftir menntun. ....	9
<b>Tafla 4.</b> Lýðfræðileg samsetning eftir heildarlaunum. ....	10
<b>Tafla 5.</b> Lýðfræðileg samsetning eftir efnahagsstétt. ....	11
<b>Tafla 6.</b> Stéttarflokkun samkvæmt ESeC. ....	12
<b>Tafla 7.</b> Starfshlutfall, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	13
<b>Tafla 8.</b> Vinnustundir í aðalvinnu, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	14
<b>Tafla 9.</b> Vinnustundir í aukavinnu, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	15
<b>Tafla 10.</b> Heildartekjur á mánuði fyrir skatt og annan frádrátt, eftir menntun og efnahagsstétt. ....	16
<b>Tafla 11.</b> Ráðstöfunartekjur heimilis eftir skatt og aðrar fastar greiðslur, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	17
<b>Tafla 12.</b> Fjárhagsleg afkoma heimilis, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	19
<b>Tafla 13.</b> Efnislegur skortur, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	20
<b>Tafla 14.</b> Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	21
<b>Tafla 15.</b> Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	22
<b>Tafla 16.</b> Tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán, tekið út séreignarsparnað eða endurfjármagnað húsnæðislán á síðastliðnu ári, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	24
<b>Tafla 17.</b> Eiga sparnað sem nemur a.m.k. einum mánaðarlaunum, hlutabréf eða húsnæði í útleigu, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	25
<b>Tafla 18.</b> Húsnæðisaðstaður, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	26
<b>Tafla 19.</b> Telja lífskjör muni batna eða versna á næsta ári, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	28
<b>Tafla 20.</b> Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða fyrir grunnþætti fyrir sig sjálfa, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	30
<b>Tafla 21.</b> Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir barn/börn, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	32
<b>Tafla 22.</b> Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir barn/börn, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt (framhald af töflu 21). ....	34
<b>Tafla 23.</b> Hefur þurft að neita sjálfri sér um mat svo börnin fái nóg að borða, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	35
<b>Tafla 24.</b> Telur sig geta fengið aðstoð frá opinberum stofnunum ef eitthvað kæmi upp á, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	30
<b>Tafla 25.</b> Veit hvert skal leita ef vantar félagslega eða fjárhagslega aðstoð frá opinberum aðilum, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	31
<b>Tafla 26.</b> Áhyggjur og skuldbindingar sem tengjast fjölskyldu trufla konurnar í starfi, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	33
<b>Tafla 27.</b> Áhyggjur og skuldbindingar sem tengjast starfi trufla konurnar þegar þær eru með fjölskyldu sinni, eftir menntun, launaflokk og efnahagsstétt. ....	34

<b>Tafla 28.</b> Skipting heimilisstarfa milli sambúðarfólks, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	35
<b>Tafla 29.</b> Huglægt mat á eigin staðsetningu í þjóðfélagsstiganum, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	37
<b>Tafla 30.</b> Huglægt mat á staðsetningu fjölskyldunnar sem þær ólust upp í, í þjóðfélagsstiganum, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	38
<b>Tafla 31.</b> Líkamlegt heilsufar eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	40
<b>Tafla 32.</b> Hafa leitað aðstoðar (t.d. lækni eða sjúkráþjálfara) vegna líkamlegra kvilla á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	41
<b>Tafla 33.</b> Ástæður þess að hafa ekki leitað sér aðstoðar vegna líkamlegra kvilla síðastliðna 12 mánuði, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	42
<b>Tafla 34.</b> Hamingja á kvarðanum 1 (mjög óhamingjusöm) - 10 (mjög hamingjusöm), eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	44
<b>Tafla 35.</b> Finna nánast daglega fyrir þunglyndis einkennum, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	46
<b>Tafla 36.</b> Finna nánast daglega fyrir kvíða einkennum, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	48
<b>Tafla 37.</b> Finna nánast daglega fyrir streitu einkennum, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	50
<b>Tafla 38.</b> Klínískt þunglyndi eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	51
<b>Tafla 39.</b> Klínískur kvíði eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	53
<b>Tafla 40.</b> Klínísk streita eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	54
<b>Tafla 41.</b> Hlutfall kvenna sem hafa leitað aðstoðar vegna andlegrar líðanar síðustu 12 mánuði, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	55
<b>Tafla 42.</b> Ástæða þess að hafa ekki leitað sér aðstoðar vegna andlegrar líðanar, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	56
<b>Tafla 43.</b> Nán hversu mörgum fyrir utan heimilisfólk, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	58
<b>Tafla 44.</b> Fjárhagsstaða einstaklinganna sem konurnar eru nánar betri, svipuð eða verri en eigin staða, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	59
<b>Tafla 45.</b> Fjöldi einstaklinga sem hægt er að leita til (utan heimilisfólks) ef skyndilega vantaði hóflega peningaupphæð (sem samsvarar u.þ.b. viku launum), eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	60
<b>Tafla 46.</b> Hversu margir þeirra einstaklinga sem hægt er að leita til eru í aðstöðu til að veita peningalán, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	62
<b>Tafla 47.</b> Fjárhagsstaða þeirra sem hægt er að leita til betri, svipuð eða verri, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	63
<b>Tafla 48.</b> Hægt að leita til einhvers ef það þyrfti óvænt pössun fyrir börn í einn til tvo daga eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	64
<b>Tafla 49.</b> Íbúafjöldi á búsetusvæði, eftir menntun, launaflokkki og efnahagsstétt. ....	66
<b>Tafla 50.</b> Klínískt þunglyndi, eftir búsetu. ....	67
<b>Tafla 51.</b> Klínískur kvíði, eftir búsetu. ....	67
<b>Tafla 52.</b> Klínískt streita, eftir búsetu. ....	68

**Tafla 53.** *Líkamlegt heilsufar, eftir búsetu.* ..... 68

## Samantekt á helstu niðurstöðum

Niðurstöður þessar styðja við þá almennu vitneskju að konur á lágum launum (lægri laun en 499 þúsund) eigi erfiðara með að ná endum saman en aðrar konur og herra hlutfall búi við efnislegan skort. Auk þess hafa þær í meiri mæli þurft fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi, vinum eða ættingjum og félags- eða hjálparsamtökum. Þær telja einnig líklegra en aðrar konur að lífskjör þeirra muni versna nokkuð eða mikið næsta árið. Herra hlutfall kvenna með lág laun og meðal laun hafa þurft að neita sér um mat svo börn þeirra fái nóg að borða. Rannsókn þessi sýnir þó að ójöfnuður meðal kvenna eftir stöðu og stétt eigi sér talsvert fleiri birtingarmyndir:

### **Byrði vegna umönnunar barna og heimilis er meiri meðal kvenna með lág laun og grunnskólamenntun.**

- Herra hlutfall kvenna með lág laun eru mjög eða frekar oft truflaðar í vinnu vegna áhyggna af skuldbindingum tengdum heimili og fjölskyldu. Konur með lág laun eru líklegastar til að gera nokkuð eða miklu meira en sinn skerf af heimilisstörfum miðað við maka sinn.
- Konur með háskólamenntun, há laun og í fastlaunastétt eru líklegastar til að vera með áhyggjur af vinnu þegar þær eru ekki í vinnunni.

### **Háskólamenntaðar konur búa síst við efnislegan skort.**

- Þær eru einnig líklegastar til að eiga sparnað sem nemur einum mánaðarlaunum og aðrar eignir svo sem hlutabréf eða húsnæði í útleigu

### **Traust til opinberrar þjónustu er ólíkt eftir menntun, tekjum og stétt.**

- Lægst er hlutfall kvenna með grunnskólapróf sem telja að þær geti fengið aðstoð frá opinberum stofnunum ef eitthvað kæmi upp á. Sama á við um konur með lág laun og í verkastétt.

### **Líkamleg heilsa er verst meðal kvenna með grunnskólapróf eða sambærilega menntun.**

- Mikill munur er á mati kvenna á líkamlegri heilsu sinni eftir menntun. Hæst er hlutfall kvenna með háskólamenntun sem metur líkamlega heilsu sína góða, því næst kvenna með stúdentspróf en lægst er hlutfallið meðal kvenna með grunnskólapróf.

### **Skýrt minnstur er milli launaflokka og andlegrar líðan**

- Þegar klínísk einkenni þunglyndis, kvíða og streitu eru mæld eru konur með háskólamenntun í öllum tilfellum ólíklegri til að mælast með klínísk einkenni heldur en konur með grunnskólapróf eða sambærilegt, iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi eða stúdentspróf.
- Konur með lág laun meta hamingju sína minni en konur með hærri laun. Skýrt mynstur er milli launaflokka og hamingju.

### **Herra hlutfall kvenna með lág laun eru með lítið félagslegt bakland**

- Tæplega þriðjungur háskólamenntaðra kvenna gætu leitað til þriggja eða fleiri einstaklinga ef þær þyrftu skyndilega peningaupphæð sem samsvarar viku launum en sama á við um fimmtung kvenna með grunnskólapróf. Hæst er hlutfall láglaunakvenna sem ætti engan til að leita til í slíkum aðstæðum.
- Hæst er hlutfall láglaunakvenna sem ekki gætu fengið pössun í einn til tvo daga fyrir börnin sín ef þær þyrftu óvænt að fara í burtu.

# 1 Inngangur

Á vormánuðum 2022 lagði rannsóknarteymi frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands í samstarfi við Vörðu-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) fyrir umfangsmikla könnun meðal kvenna á vinnualdri á Íslandi. Rannsóknarteymið samanstendur af Berglindi Hólm Ragnarsdóttir, lektor við félagsvísindadeild HA, Andreu Hjálmsdóttur lektor við félagsvísindadeild HA, Valgerði S. Bjarnadóttur, lektor við deild menntunar og margbreytileika við HÍ og Bergljótu Þrastardóttur lektor við kennaradeild HA. Með teyminu unnu Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu, Maya Staub, sérfræðingur hjá Vörðu, og Anna Soffía Víkingsdóttir, sérfræðingur hjá RHA.

Helstu markmið rannsóknarinnar voru að varpa ljósi á líðan kvenna á Íslandi eftir stöðu þeirra, búsetu, uppruna og stétt. Rannsóknir á ójöfnuði hafa lengst af einblínt á ójöfnuð milli ólíkra hópa, til dæmis karla og kvenna. En síðustu tvo áratugi hafa komið fram fleiri rannsóknir sem gefa vísbendingar um vaxandi ójöfnuð innan hópa (McCall, 2000; VanHeuvelen, 2018) og fram hafa komið rannsóknir sem benda til þess að aukin skautun (e. polarization) sé að verða á milli kvenna á Vesturlöndum (Esping-Andersen 2009). Stéttaskipting meðal kvenna hefur þó lítið verið rannsökuð, hvorki á Íslandi né annars staðar. Í þessari rannsókn greinum við svör íslenskra kvenna eftir efnahagsstétt þeirra og skoðum tengsl efnahagsstéttar og til dæmis andlegrar og líkamlegrar líðanar, félagslegra tengsla, samþættingar fjölskyldu- og atvinnulífs, og trausts til opinberrar þjónustu. Félagsfræðingar hafa löngum verið uppteknir af efnahagsstétt fólks og tengslum stéttar við lífgæði og tækifæri einstaklinga. Stéttarhugtakið er þó margslungið og erfitt að fanga það með einni mælingu. Hér notum við þrjá af algengustu stéttavísunum sem notaðir eru í rannsóknum af þessu tagi: menntun, tekjur og efnahagsstétt. Hver og ein þessara mælinga nær utan um ákveðna vídd stéttarhugtaksins. Hugtakið efnahagsstétt er víðtækast en það vísar til þess að fólk í sömu efnahagsstétt deilir svipuðum lífsmöguleikum sem ákvarðast af markaðs- og atvinnustöðu þeirra (Guðmundur Oddson, 2010).

Könnunin var lögð fyrir í mars, apríl og maí árið 2022 í gegnum síma og fór fram á íslensku, pólsku eða ensku og er aðferð rannsóknarinnar lýst ítarlega í kafla 2. Í þriðja kafla er greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst er greint frá lýðfræðilegri samsetningu úrtaksins, þá er greint frá stöðu kvennanna á vinnumarkaði, fjárhagsstöðu, trausti til opinberrar þjónustu, samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs, stéttaskiptingu, líkamlegri heilsu, andlegri heilsu og loks félagslegri stöðu. Svörin eru greind eftir stéttavísunum þremur; menntunarstöðu, tekjum og efnahagsstétt.



## 2 Aðferð

Tilviljunarúrtak kvenna á aldrinum 25-64 ára var tekið úr tveimur þýðislistum; annars vegar þjóðskrá og hins vegar félagalista Eflingar. Ástæða þess að tekið var úrtak meðal kvenna á félagalista Eflingar var til að auka líkurnar á því að ná til kvenna af erlendum uppruna, og ná þannig að endurspegla þýðið betur.

### 2.1 Fyrirlögn

Símakönnun var framkvæmd á úrtakinu þar sem spyrjar hringdu í báða úrtakslistana. Spurningalistinn var þýddur yfir á ensku og pólsku og því voru fyrir utan íslenskumælandi spyrja einnig spyrjar sem töluðu ensku og pólsku. Gögnum var safnað á tímabilinu 29. mars til 30. maí 2022.

### 2.2 Svarhlutfall

Í heildarúrtakinu var 3361 kona og svaraði 1251 sem gerir svarhlutfallið 37,2%. Í úrtakinu sem tekið var úr þjóðskrá voru 1932 konur og var svarhlutfallið 40,5% (782 svör). Í Eflingarúrtakinu voru 1429 og var svarhlutfallið þar 32,8% (469 svör).

### 2.3 Vigtun gagna

Vigtað var eftir aldri og menntun þar sem yngsti aldurshópurinn og hlutfall kvenna með grunnskólamenntun endurspeglaði ekki þýðið fullkomlega. Notuð var svokölluð raking aðferð við vigtun. Raking aðferðin er notuð til þess að reikna vogtölur á grundvelli tveggja eða fleiri breyta þegar jaðardreifing (e. marginal distribution) breytanna í þýðinu er þekkt en skilyrt dreifing (e. conditional distribution) þeirra er óþekkt. Aðferðin virkar þannig að fyrst eru vogtölurnar aðlagðar þannig að þær endurspegli dreifingu einnar breytu, næst eru þær aðlagðar til að endurspegla dreifingu næstu breytu o.s.frv. Ef aðlögun vogtalna að dreifingu einnar breytu veldur því að þær endurspegli ekki lengur dreifingu annarrar breytu eru þær aftur aðlagðar. Þetta ferli er endurtekið þar til vogtölurnar endurspegla sem best dreifingu allra breytanna.

## 2.4 Helstu mælingar

*Efnahagsstétt:* European Socio-economic Classification (ESeC) útgáfan af stéttalíkani Goldthorpe var notuð til að mæla efnahagsstétt kvenna. ESeC líkanið notar atvinnustöðu, fjölda undirmanna og valdsvið til að flokka saman einstaklinga með svipaða markaðs- og atvinnustöðu og álíka lífsmöguleika (Erikson og Goldthorpe, 1992; Guðmundur Oddsson, 2022; Rose og Harrison, 2007; Rose og Harrison, 2010). Þátttakendur í rannsókninni voru beðnir um að tilgreina starfsgrein sína í aðalstarfi og var síðan stuðst við ISTARF-21 (sem byggir á alþjóðlega starfsflokkaðlinum ISCO-08) til þess að raða þeim í stéttir samkvæmt ESeC líkaninu. Til þess að tryggja nógu marga svarendur í hverri stétt var stuðst við þriggja flokka líkanið og konum raðað í verkastétt (e. working class), millistétt (e. intermediate class) og fastlaunastétt (e. salariat class).

*Menntun:* svarendur voru beðnir um að tilgreina hæstu prófgráðu sem þeir höfðu lokið. Til að auðvelda úrvinnslu voru svörun flokkuð í grunnskólapróf eða sambærilegt, starfstengt nám á framhaldsskólastigi, iðnnám, stúdentspróf, og háskólapróf á grunn- og framhaldsstigi.

*Launaflokkur:* Svarendur voru beðnir um að áætla mánaðarlegar heildartekjur sínar að jafnaði fyrir skatt og annan frádrátt. Með heildartekjum er átt við öll laun, aukavinnu, yfirvinnu, námslán, tryggingabætur, lífeyristekjur, húsnæðisbætur o.þ.h. samanlagt. Svörin voru svo flokkuð í þrjú flokka til að auðvelda úrvinnslu: lágur tekjur (499 þúsund eða lægra), meðaltekjur (500-799 þúsund) og háar tekjur (800 þúsund eða hærra). Launabilið var ákveðið út frá meðaltali sem var 668 þúsund krónur á mánuði en 63% launafólks var með regluleg laun undir meðaltali samkvæmt tölum Hagstofunnar (2023).

*Andleg líðan:* Til þess að meta andlega líðan var stytt útgáfa af DASS sjálfsmatskvarðanum (e. Depression Anxiety Stress Scale) notaður. Kvarðinn byggir á 21 fullyrðingu sem metur þunglyndi, kvíða og streitu meðal svarenda (Henry og Crawford, 2005; Lovibond og Lovibond, 1995). Spurt er hversu oft í síðastliðinni viku viðkomandi hafi fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = átti alls ekki við mig, 1 = átti við mig að einhverju leyti eða stundum, 2 = átti töluvert við mig eða drjúgan hluta vikunnar og 3 = átti mjög vel við mig eða mestallan tímann). Eftirtalin sjö atriði teljast til þunglyndiseinkenna: Ég virtist alls ekki geta fundið fyrir neinum góðum tilfinningum, mér fannst erfitt að hleypa í mig krafti til að gera hluti, mér fannst ég ekki geta hlakkað til neins, ég var döpur og niðurdregin, ég gat ekki fengið brennandi áhuga á neinu, mér fannst ég ekki vera mikils virði sem manneskja, og mér fannst lífið vera tilgangslaust. Eftirfarandi sjö atriði teljast til kvíðaeinkenna: Ég fann fyrir munnþurrki, ég átti í erfiðleikum með

að anda (t.d. allt of hröð öndun, mæði án líkamlegrar áreynslu), ég fann fyrir skjálfta (t.d. í höndum), ég hafði áhyggjur af aðstæðum þar sem ég fengi hræðslukast (e. panic) og gerði mig að fífla, mér fannst ég nánast gripin skelfingu, ég varð vör við hjartsláttinn í mér þó ég hefði ekki reynt á mig (t.d. hraðari hjartsláttur, hjartað sleppti úr slagi), og ég fann fyrir ótta án nokkurrar skynsamlegrar ástæðu. Að lokum teljast eftirfarandi atriði til streitueinkenna: mér fannst erfitt að ná mér niður, ég hafði tilhneigingu til að bregðast of harkalega við aðstæðum, mér fannst ég eyða mikilli andlegri orku, ég var ergileg, mér fannst erfitt að slappa af, ég þoldi ekki þegar eitthvað kom í veg fyrir að ég héldi áfram við það sem ég var að gera (eitthvað truflaði þig), og mér fannst ég frekar hörundsár. Túlkunarviðmið kvarðans á alvarleikastigi einkennanna má sjá í töflu 1.

**Tafla 1.** Túlkunarviðmið DASS-21 fyrir alvarleika einkenna.

	Punglyndi	Kvíði	Streita
Eðlilegt	0-8	0-6	0-12
Vægt	9-12	7-8	13-16
Miðlungs	13-20	9-14	17-22
Alvarlegt	21-26	15-20	23-28
Mjög alvarlegt	27+	21+	29+

*Skortur á efnislegum gæðum:* Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum, þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver eftirfarandi níu atriða ætti við um heimili svarenda: Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum, hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu, hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag, get ekki mætt óvæntum útgjöldum, hef hvorki efni á heimasíma né farsíma, hef ekki efni á sjónvarpstæki, hef ekki efni á þvottavél, hef ekki efni á bíl, hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrír af ofantöldum þáttum eiga við um (Hagstofa Íslands, 2022).

## 2.5 Marktækniþróf

Pearson kí-kvaðrat próf ( $\chi^2$ ) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikiörk, \* =  $p < 0,05$ , \*\* =  $p < 0,01$ .

### 3 Niðurstöður

Hér á eftir verður greint frá nokkrum af helstu niðurstöðum könnunarinnar í níu undirköflum. Í kafla 3.1 er stöðu kvenna á vinnumarkaði lýst. Kafla 3.2. fjallar um fjárhagsstöðu. Kafla 3.3. um traust til opinberrar þjónustu. Kafla 3.4. um samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs. Kafla 3.5 um stéttaskiptingu. Kafla 3.6 um líkamlega heilsu og kafla 3.7. um andlega heilsu. Í kafla 3.8 er greint frá félagslegri stöðu. Í kafla 3.9 er greint frá líðan eftir búsetu.

Í töflum 2-4 sést lýðfræðileg samsetning úrtaksins eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt. Tafla 2 sýnir að ríflega fjórðungur svarenda eru á aldursbilinu 41-50 ára (26,7%), og tæplega fjórðungur eru 31-40 ára (24,9%) og 51-60 ára (24,8%). Lægra hlutfall eru 30 ára og yngri (14,3%) og 61 árs og eldri (9,3%). Þegar litið er til uppruna sést að meirihluti kvennanna eru íslenskir ríkisborgarar (74,9%), en 16,9% eru ekki með íslenskan ríkisborgararétt og 8,2% eru nú með íslenskan ríkisborgararétt en hafa ekki alltaf verið það. Tæplega þriðjungur er með grunnmenntun á háskólastigi (29,9%) og tæpur fjórðungur með framhaldsmenntun á háskólastigi (23,7%). Tæpur fimmtungur er með stúdentspróf (18,1%) en lægra hlutfall er með menntun á grunnskólastigi (13,2%), starfstengda menntun á framhaldsskólastigi (7,8%) og iðnmenntun (7,3%).

Mikill meirihluti kvennanna eru í launaðri vinnu (88%) en mun lægra hlutfall þeirra eru á örorkulífeyri (4,4%), í atvinnuleit (3,8%) eða með aðra stöðu á vinnumarkaði (3,8%). Hæst er hlutfall þeirra sem eru í þjónustu-, umönnunar- og sölustörfum (33,7%) og sérfræðistörfum (27,8%). Nokkuð lægra hlutfall er í ósérhæfðum störfum (12,5%), stjórnendastörfum (8,4%), störfum tækna og sérhæfðs starfsfólks (8,3%) og enn lægra hlutfall í skrifstofustörfum (5,6%) og landbúnaðar-, iðn- eða vélstörfum (3,7%) (starfaflokkarnir samkvæmt skilgreiningum ISTARF-21).

Meirihluti kvennanna eru giftar eða í sambúð (72,5%) en ríflega fjórðungur eru einhleypar (27,5%). Ríflega helmingur (52,6%) eru með börn eða ungmenni á heimilinu. Mikill meirihluti maka þeirra kvenna sem eru giftar eða í sambúð eru í launavinnu (89,9%) en mun lægra hlutfall er á örorkulífeyri (2,2%), í atvinnuleit (3,8%) eða með aðra stöðu á vinnumarkaði (4,1%).

**Tafla 2.** Lýðfræðileg samsetning.

<i>Aldur</i> (N = 1228)	Hlutfall (%)
30 ára og yngri	14,3%
31 - 40 ára	24,9%
41 - 50 ára	26,7%
51 - 60 ára	24,8%
61 árs og eldri	9,3%
<b><i>Ríkisfang</i> (N = 1226)</b>	
Hef alltaf verið íslenskur ríkisborgari	74,9%
Er íslenskur ríkisborgari en hef ekki alltaf verið það	8,2%
Er ekki með íslenskt ríkisfang	16,9%
<b><i>Menntun</i> (N = 1199)</b>	
Grunnskólanám eða sambærilegt	13,2%
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi (t.d sjúkraliði, skólaliði, félagsliði, leikskólaliði)	7,8%
Iðnnám (t.d smiður, hársnyrtir, rafvirki)	7,3%
Stúdentspróf	18,1%
Grunnnám úr háskóla (BA, BS, BEd)	29,9%
Framhaldsnám úr háskóla (MA, MEd, MSc, PhD)	23,7%
<b><i>Staða á vinnumarkaði</i> (N = 1213)</b>	
Í launaðri vinnu	88,0%
Á örorkulífeyri	4,4%
Atvinnuleitandi	3,8%
Annað	3,8%
<b><i>Starfsgrein (ÍSTARF21)</i> (N = 1193)</b>	
Störf stjórnenda	8,4%
Sérfræðistörf	27,8%
Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks	8,3%
Skrifstofustörf	5,6%
Þjónusta, - umönnunar- og sölustörf	33,7%
Landbúnaðar/iðnaðar/vélar	3,7%
Ósérhæfð störf	12,5%
<b><i>Hjúskaparstaða</i> (N = 1249)</b>	
Gift/í sambúð	72,5%
EKKI í sambúð	27,5%
<b><i>Börn eða ungmenni á heimilinu</i> (N = 1251)</b>	
Já	52,6%
Nei	47,4%
<b><i>Staða maka á vinnumarkaði</i> (N = 875)</b>	
Í launaðri vinnu	89,9%
Á örorkulífeyri	2,2%
Atvinnuleitandi	3,8%
Annað	4,1%

Í töflu 3 má sjá lýðfræðilega samsetningu svarenda eftir hæsta menntunarstigi þeirra. Tæplega helmingur þeirra sem eru á aldrinum 30 ára og yngri (49,4%) og 51-60 ára (47,8%) hafa lokið námi á háskólastigi og sama á við um 58% kvenna á aldrinum 31-40 ára og 60,5% kvenna á aldrinum 41-50 ára. Lægst er hlutfall háskólamenntaðra meðal 61 árs og eldri (43,6%).

Af þeim konum sem alltaf hafa verið íslenskir ríkisborgarar eru flestar með háskólamenntun (57,6%) en hlutfallið er lægra meðal kvenna sem hafa ekki alltaf verið íslenskir ríkisborgarar (42,6%) og kvenna sem hafa ekki íslenskt ríkisfang (41,7%). Hæst er hlutfall kvenna sem eru íslenskir ríkisborgarar en hafa ekki alltaf verið það meðal þeirra sem eru með stúdentspróf sem hæstu prófgráðu (34%) og því næst meðal þeirra sem eru ekki með íslenskt ríkisfang (29,9%) en lægst meðal þeirra sem hafa alltaf verið íslenskir ríkisborgarar (13,6%). Hæst er hlutfall kvenna sem ekki eru með íslenskt ríkisfang sem eru með iðnnám eða starfstengt nám á framhaldsskólastigi (24,5%) en hlutfallið er nokkuð lægra meðal kvenna sem eru íslenskir ríkisborgarar en hafa ekki alltaf verið það (12,8%) og þeirra sem hafa alltaf verið íslenskir ríkisborgarar (13,2%). Hæst er hlutfall kvenna sem hafa alltaf verið íslenskir ríkisborgarar meðal þeirra sem eru með menntun á grunnskólastigi (15,6%) en lægra meðal þeirra sem eru íslenskir ríkisborgarar en hafa ekki alltaf verið það (10,6%) og lægst meðal þeirra sem ekki eru með íslenskt ríkisfang (3,9%).

Þegar litið er til stöðu á vinnumarkaði eftir menntun sést að meðal þeirra sem eru í launaðri vinnu er ríflega helmingur (54,4%) með háskólamenntun, næst hæst er hlutfall þeirra sem eru með stúdentspróf (18,1%), því næst iðnnám eða starfstengt nám á framhaldsskólastigi (14,3%) og þá menntun á grunnskólastigi (13,2%). Meðal þeirra sem eru á örorkulífeyri eru 31,4% með háskólamenntun, um fjórðungur (25,5%) með menntun á grunnskólastigi eða með iðnnám/starfstengt nám á framhaldsskólastigi og 17,6% með stúdentspróf. Meðal þeirra sem eru í atvinnuleit er ríflega helmingur (55,8%) með háskólamenntun, tæplega fimmjungur (18,6%) með stúdentspróf en lægra hlutfall með iðnnám eða starfstengt nám á framhaldsskólastigi (16,3%) og menntun á grunnskólastigi (9,3%).

**Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning eftir menntun.**

	Grunnskólapróf eða sambærilegt	Iðnnám eða starfstengt nám	Stúdentspróf	Háskólapróf
<b>Aldur</b> (N = 1197)				
30 ára og yngri	8.0%	8.6%	33.9%	49.4%
31 - 40 ára	11.0%	10.3%	20.7%	58.0%
41 - 50 ára	10.2%	14.2%	15.1%	60.5%
51 - 60 ára	19.4%	21.5%	11.4%	47.8%
61 árs og eldri	20.0%	24.5%	11.8%	43.6%
<b>Ríkisfang</b> (N = 1195)				
Ég hef alltaf verið íslenskur ríkisborgari	15.6%	13.2%	13.6%	57.6%
Ég er íslenskur ríkisborgari en hef ekki alltaf verið það	10.6%	12.8%	34.0%	42.6%
Ég er ekki með íslenskt ríkisfang	3.9%	24.5%	29.9%	41.7%
<b>Staða á vinnumarkaði</b> (N = 1174)				
Í launaðri vinnu	13.2%	14.3%	18.1%	54.4%
Á örorkulífeyri	25.5%	25.5%	17.6%	31.4%
Atvinnuleitandi	9.3%	16.3%	18.6%	55.8%
Annað	2.2%	10.9%	23.9%	63.0%

Tafla 4 sýnir lýðfræðilega samsetningu eftir launum. Niðurstöðurnar sýna að konur á aldrinum 30 ára og yngri eru líklegastar til að vera með lág laun (53,5%) og þar á eftir konur á aldrinum 61 árs og eldri (45,8%). Hæst er hlutfall kvenna á aldrinum 51-60 ára sem eru með meðal laun (39,5%) en konur í aldurshópnum 41-50 ára (27,1%) og 51-60 ára (22,5%) eru líklegastar til að vera með há laun.

Þegar lítið er til ríkisfangs svarenda eftir launum sést að lang hæst er hlutfall kvenna sem alltaf hafa verið með íslenskan ríkisborgararétt sem eru með há laun (24,6%) en hlutfallið er 5,4% meðal kvenna sem eru með íslenskan ríkisborgararétt en hafa ekki alltaf verið það og 7% hjá konum sem eru ekki með íslenskan ríkisborgararétt. Að sama skapi er mun hærra hlutfall kvenna sem eru með íslenskan ríkisborgararétt en hafa ekki alltaf verið það sem eru með lág laun (56,8%) og eru ekki með íslenskt ríkisfang (57,3%) en hlutfallið er 37% meðal kvenna sem hafa alltaf verið með íslenskt ríkisfang.

Þegar staða á vinnumarkaði er skoðuð eftir launum sést að 36,5% þeirra sem eru í launaðri vinnu flokkast með lág laun, 41,7% með meðal laun og 21,8% há laun. Mikill meirihluti þeirra sem eru á örorkulífeyri og í atvinnuleit eru með lág laun (88,4% og 94,4%).

**Tafla 4.** Lýðfræðileg samsetning eftir heildarlaunum.

	Lág laun (499 þúsund eða lægra)	Meðal laun (500-799 þúsund)	Há laun (800 þúsund eða hærra)
<b>Aldur</b> (N = 1073)			
30 ára og yngri	53.5%	36.9%	9.6%
31 - 40 ára	44.7%	37.8%	17.5%
41 - 50 ára	35.3%	37.7%	27.1%
51 - 60 ára	37.9%	39.5%	22.5%
61 árs og eldri	45.8%	35.4%	18.8%
<b>Ríkisfang</b> (N = 1069)			
Ég hef alltaf verið íslenskur ríkisborgari	37.0%	38.4%	24.6%
Ég er íslenskur ríkisborgari en hef ekki alltaf verið það	56.8%	37.8%	5.4%
Ég er ekki með íslenskt ríkisfang	57.3%	35.7%	7.0%
<b>Staða á vinnumarkaði</b> (N = 1055)			
Í launaðri vinnu	36.5%	41.7%	21.8%
Á örorkulífeyri	88.4%	9.3%	2.3%
Atvinnuleitandi	94.4%	2.8%	2.8%
Annað	70.0%	15.0%	15.0%

Tafla 5 sýnir lýðfræðilega samsetningu eftir efnahagsstétt. Þegar litið er til aldurs sést að í öllum aldurshópum eru konur líklegastar til þess að vera í millistétt. Þó eru yngri konur (40 ára og yngri) líklegri til að vera í verkastétt en eldri konur (16,9% 30 ára og yngri og 16,1% 31-40 ára) og konur í aldurshópnum 51-60 ára eru hlutfallslega flestar í fastlaunastétt (40,6%).

Þegar stéttarstaða er greind eftir ríkisfangi kemur í ljós töluverður munur eftir uppruna. Þannig er tæplega helmingur kvenna sem ekki eru með íslenskt ríkisfang í verkastétt (44,3%) og um helmingur í millistétt (50,2%) en mjög lágt hlutfall í fastlaunastétt (5,4%). Sama mynstur sést þegar litið er til kvenna sem eru íslenskir ríkisborgarar en hafa ekki alltaf verið það. Meðal þeirra er hærra hlutfall í millistétt (66%) en um fjórðungur í verkastétt (26,8%) og lágt hlutfall í fastlaunastétt (7,2%). Þegar litið er til efnahagsstéttar kvenna sem alltaf hafa verið íslenskir ríkisborgarar sést að tæplega helmingur (46,7%) er í fastlaunastétt og millistétt (46,8%) en einungis lítið hlutfall í verkastétt (6,6%).



**Tafla 5.** Lýðfræðileg samsetning eftir efnahagsstétt.

	Verkastétt	Millistétt	Fastlaunastétt
<b>Aldur</b> (N = 1185)			
30 ára og yngri	16.9%	60.5%	22.7%
31 - 40 ára	16.1%	49.0%	34.9%
41 - 50 ára	14.5%	44.5%	41.0%
51 - 60 ára	14.7%	44.7%	40.6%
61 árs og eldri	8.6%	54.3%	37.1%
<b>Ríkisfang</b> (N = 1183)			
Ég hef alltaf verið íslenskur ríkisborgari	6.6%	46.8%	46.7%
Ég er íslenskur ríkisborgari en hef ekki alltaf verið það	26.8%	66.0%	7.2%
Ég er ekki með íslenskt ríkisfang	44.3%	50.2%	5.4%
<b>Staða á vinnumarkaði</b> (N = 1171)			
Í launaðri vinnu	14.4%	48.0%	37.6%
Á örorkulífeyri	15.6%	65.6%	18.8%
Atvinnuleitandi	30.0%	50.0%	20.0%
Annað	10.0%	55.0%	35.0%

### 3.1 Staða á vinnumarkaði

Niðurstöður rannsóknarinnar verða hér eftir birtar eftir efnahagsstétt kvenna samkvæmt ESeC líkaninu en jafnframt eftir menntun og heildartekjum sem einnig gefa mikilvægar vísbendingar um félagslega stéttarstöðu.

Tafla 6 sýnir flokkun starfsgreina í ESeC líkaninu samkvæmt ISTARF-21 starfsflokkastaðlinum. Í fastlaunastétt flokkast þær sem eru í stjórnenda- (8,4%) og sérfræðistörfum (27,8%) og eru það alls 36,2%. Í millistéttarstörf flokkast þær sem sinna störfum tækna og sérhæfðs starfsfólks (8,3%), skrifstofustörfum (5,6%) og þjónustu-, umönnunar- og sölustörfum (33,7%) og eru alls tæplega helmingur (48,9%). Í verkastétt sem 14,9% kvennanna tilheyra eru þær sem sinna landbúnaðar-, iðn- og vélastörfum (3,7%) og ósérhæfðum störfum (12,5%).

**Tafla 6.** Stéttarflokkun samkvæmt ESeC.

	Hlutfall (%)
<b>Fastlaunastétt</b> N = 432	36,2%
Störf stjórnenda	8,4%
Sérfræðistörf	27,8%
<b>Millistétt</b> N = 583	48,9%
Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks	8,3%
Skrifstofustörf	5,6%
Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf	33,7%
<b>Verkastétt</b> N = 178	14,9%
Landbúnaðar/iðnaðar/véla	3,7%
Ósérhæfð störf	12,5%

Tafla 7 sýnir starfshlutfall þeirra kvenna sem eru í launaðri vinnu eftir menntun, launum og stétt. Taflan sýnir að hæst er hlutfall þeirra sem eru með grunnskólapróf eða sambærilegt sem eru í hlutastarfi (41,4%), næst hæst er hlutfallið meðal kvenna með stúdentspróf (30,4%) og jafnhátt hlutfall kvenna með iðnnám eða starfstengt nám og háskólapróf eru í hlutastarfi (28,8%).

Ef litið er til starfshlutfalls greint eftir launum sést að tæplega helmingur kvenna sem flokkast með lág laun eru í hlutastarfi (48,5%), en það á við um ríflega fjórðung kvenna með meðal laun (27,6%) og mun lægra hlutfall þeirra sem eru með há laun (12,6%).

Ef litið er til starfshlutfalls eftir efnahagsstétt sést að konur í millistétt eru líklegastar til að vera í hlutastarfi (40,3%) en nokkuð lægra hlutfall kvenna í fastlaunastétt er í hlutastarfi (24,7%) og lægst er hlutfallið meðal kvenna í verkastétt (21%).

**Tafla 7. Starfshlutfall, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.**

	Fullt starf	Hlutastarf
<b>Menntun</b> * (N = 1039)		
Grunnskólapróf eða sambærilegt	58,6%	41,4%
Iðnnám eða starfstengt nám	71,2%	28,8%
Stúdentspróf	69,6%	30,4%
Háskólapróf	71,2%	28,8%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 944)		
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	51,5%	48,5%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	42,4%	27,6%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	87,4%	12,6%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1064)		
Verkastétt	79,0%	21,0%
Millistétt	59,7%	40,3%
Fastlaunastétt	75,3%	24,7%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 8 sýnir fjölda vinnustunda greint eftir menntun, launum og stétt. Taflan sýnir að ef litið er til menntunar þá er hæst hlutfall kvenna með háskólamenntun sem vinna 41 klukkustund eða meira á viku í aðalvinnu (27,8%). Hlutfallið er lítið lægra meðal kvenna með iðnnám eða starfstengt nám (23,4%) og kvenna með grunnskólamenntun eða sambærilegt (22%) en lægst meðal þeirra sem eru með stúdentspróf (19,9%).

Þegar litið er til launa og fjölda vinnustunda sést að tæplega helmingur (47,9%) kvenna með lág laun vinna 35 klukkustundir eða minna í aðalvinnu á viku, 37,5% vinna 36-40 stundir og 14,6% vinna 41 klukkustund eða meira. Meðal þeirra sem eru með meðalhá laun er um fjórðungur (24,3%) sem vinnur 35 klukkustundir eða minna. Helmingur (50,8%) vinnur 36-40 klukkustundir og fjórðungur (24,9%) vinnur 41 klukkustund eða meira. Meðal kvenna með há laun í aðalstarfi vinna 13,3% 35 klukkustundir eða minna á viku, 44% 36-40 klukkustundir og 41,3% 41 klukkustund eða meira.

Taflan sýnir jafnframt að tæpur fjórðungur (23,6%) kvenna í verkastétt vinna 35 klukkustundir eða minna á viku, 44,6% vinna 36-40 stundir og 31,8% vinna 41 klukkustund eða

meira. Meðal kvenna í millistétt vinna 38,1% 35 stundir eða minna á viku, 46,1% í 36-40 stundir á viku og 15,8% 41 eða meira klukkustundir á viku. Þegar litið er til kvenna í fastlaunastétt sést að 22,4% þeirra vinna í 35 stundir eða minna vikulega, 44% í 36-40 stundir og 33,6% í 41 klukkustund eða meira.

**Tafla 8.** Vinnustundir í aðalvinnu, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	35 klst eða minna	36-40 klst	41 klst eða meira
<b>Menntun</b> (N = 1022)			
Grunnskólapróf eða sambærilegt	36,3%	41,8%	22,0%
Iðnnám eða starfstengt nám	22,7%	53,9%	23,4%
Stúdentspróf	34,8%	45,3%	19,9%
Háskólapróf	27,8%	44,5%	27,8%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 932)			
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	47,9%	37,5%	14,6%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	24,3%	50,8%	24,9%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	13,3%	45,4%	41,3%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1043)			
Verkastétt	23,6%	44,6%	31,8%
Millistétt	38,1%	46,1%	15,8%
Fastlaunastétt	22,4%	44,0%	33,6%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 9 sýnir fjölda vinnustunda í aukavinnu greint eftir menntun, launum og efnahagsstétt. Hæst er hlutfall kvenna með iðnmenntun eða starfstengt nám sem eru í aukavinnu (12,5%), þá kvenna með háskólapróf (11,9%), stúdentspróf (10,8%) og lægst er hlutfallið meðal kvenna með grunnskólamenntun eða sambærilegt (7,5%).

Taflan sýnir jafnframt að hæst er hlutfallið meðal kvenna með meðalhá laun sem eru í aukavinnu (14,5%) en lægra hlutfall meðal þeirra sem eru með lág laun (9,6%) og há laun (8,2%).

Þegar litið er til aukavinnu eftir efnahagsstétt sést að hæst er hlutfall kvenna í verkastétt sem eru í aukavinnu (13,9%) en lægra hlutfall meðal kvenna í millistétt (10,9%) og lægst meðal kvenna í fastlaunastétt (9,5%).

**Tafla 9.** Vinnustundir í aukavinnu, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Engin aukavinna	1-5 klst	6-10 klst	11-15 klst	16-20 klst	21 klst eða meira
<b>Menntun</b> (N = 115)						
Grunnskólapróf eða sambærilegt	92,5%	2,1%	1,6%	0,5%	0,5%	2,7%
Iðnnám eða starfstengt nám	87,5%	3,9%	3,9%	1,6%	1,6%	1,6%
Stúdentspróf	89,2%	1,1%	1,6%	3,8%	3,2%	1,1%
Háskólapróf	88,1%	4,6%	4,1%	0,9%	1,7%	0,6%
<b>Launaflokkur</b> (N = 115)						
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	90,4%	3,8%	2,7%	0,5%	1,9%	0,5%
Meðal laun (500-799 þúsund)	85,5%	4,2%	4,7%	2,9%	1,8%	1,0%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	91,8%	1,0%	2,6%	0,5%	2,0%	2,0%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 116)						
Verkastétt	86,1%	4,4%	3,8%	3,2%	2,5%	0,0%
Millistétt	89,1%	2,9%	2,9%	1,1%	2,5%	1,5%
Fastlaunastétt	90,5%	3,7%	3,2%	0,8%	0,8%	1,1%

Marktektarpróf voru ekki framkvæmd sökum smæðar sumra flokkanna

Tafla 10 sýnir heildartekjur á mánuði eftir skatt og annan frádrátt greint eftir menntun, tekjum og efnahagsstétt. Meirihluti kvenna með grunnskólapróf eru með lág laun (60,2%) en tæplega þriðjungur þeirra með meðalhá laun (30,6%) og mun lægra hlutfall með há laun (9,1%). Svipað mynstur sést bæði hjá konum með iðnnám eða starfstengt nám annars vegar og hins vegar konum með stúdentspróf en ríflega helmingur þeirra eru með lág laun (58,6% og 57,5%), um þriðjungur með meðalhá laun (30,6% og 33,6%) og mun lægra hlutfall með há laun (9,1% og 7,9%). Mun lægra hlutfall kvenna með háskólamenntun eru með lág laun (29,1%) og að sama skapi hærra hlutfall með meðalhá laun (41,6%) og há laun (29,3%).

Þegar litið er til launa eftir efnahagsstétt sést að svipað hlutfall kvenna í verkastétt og millistétt eru með lág laun (57,9% og 53,8%), meðalhá laun (35,8% og 36,3%) og há laun (6,3% og 9,9%). Hins vegar er mun lægra hlutfall kvenna í fastlaunastétt með lág laun (19,9%) og að sama skapi hærra hlutfall með meðalhá laun (42,3%) og há laun (37,7%).

**Tafla 10. Heildartekjur á mánuði fyrir skatt og annan frádrátt, eftir menntun og efnahagsstétt.**

	Lág laun (499 þúsund eða lægra)	Meðalhá laun (500-799 þúsund)	Há laun (800 þúsund eða hærra)
<b>Menntun</b> *** (N = 1051)			
Grunnskólapróf eða sambærilegt	60,2%	30,6%	9,1%
Iðnnám eða starfstengt nám	58,6%	33,6%	7,9%
Stúdentspróf	57,5%	35,4%	7,2%
Háskólapróf	29,1%	41,6%	29,3%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1039)			
Verkastétt	57,9%	35,8%	6,3%
Millistétt	53,8%	36,3%	9,9%
Fastlaunastétt	19,9%	42,3%	37,7%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 11 sýnir ráðstöfunartekjur heimilisins eftir skatt og aðrar fastar greiðslur greint eftir menntun, launum og stétt. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt og iðnnám eða starfstengt nám eru með 59.999 kr. eða minna til ráðstöfunar á mánuði (10,9% og 11,5%) samanborið við konur með stúdentspróf (7,4%) og háskólapróf (3,4%). Ef litið er til þeirra sem eru með 300.000 kr. eða meira á mánuði til ráðstöfunar sést að mun hærra hlutfall háskólamenntaðra kvenna eru með svo háar fjárhæðir til ráðstöfunar (59,1%) samanborið við konur með grunnskólamenntun (35,3%), iðnnám eða starfstengt nám (30,5%) og stúdentspróf (35%).

Ríflega fjórðungur kvenna með lág laun eru með 99.999 kr. eða minna til ráðstöfunar á mánuði (25,4%) en það á við um mun lægra hlutfall kvenna með meðalhá laun (5,4%) og há laun (2,2%). Að sama skapi er ríflega fjórðungur kvenna með lág laun (27,2%), helmingur kvenna með meðalhá laun (50%) og meirihluti kvenna með há laun (82,3%) sem eru með 300.000 kr. eða meira til ráðstöfunar mánaðarlega.

Hæst er hlutfall kvenna í verkastétt sem er með 99.999 kr. eða minna til ráðstöfunar mánaðarlega (18%) og lítið lægra hlutfall kvenna í milli stétt (15,7%) en nokkuð lægra hlutfall kvenna í fastlaunastétt (5,2%). Að sama skapi er hæst hlutfall kvenna í fastlaunastétt (66,3%) með meira en 300.000 kr. til ráðstöfunar mánaðarlega, því næst meðal kvenna í millistétt (41,4%) en lægst meðal kvenna í verkastétt (23,7%).

**Tafla 11.** Ráðstöfunartekjur heimilis eftir skatt og aðrar fastar greiðslur, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	59.999 þúsund eða minna	60 – 99.999 þúsund	100 – 149.999 þúsund	150 - 199.999 þúsund	200 – 249.999 þúsund	250 – 299.999 þúsund	300.000 þúsund eða meira
<b>Menntun</b> *** (N = 926)							
Grunnskólapróf eða sambærilegt	10,9%	9,6%	11,5%	9,6%	13,5%	9,6%	35,3%
Iðnnám eða starfstengt nám	11,5%	8,4%	13,0%	15,3%	9,9%	11,5%	30,5%
Stúdentspróf	7,4%	9,2%	16,6%	11,0%	15,3%	5,5%	35,0%
Háskólapróf	3,4%	3,8%	9,6%	8,8%	9,0%	6,3%	59,1%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 924)							
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	12,6%	12,8%	16,2%	12,1%	11,8%	7,4%	27,2%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	2,3%	3,1%	11,0%	11,9%	13,6%	8,2%	50,0%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	1,1%	1,1%	2,2%	3,3%	5,0%	5,0%	82,3%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 910)							
Verkastétt	6,5%	11,5%	21,6%	18,0%	12,9%	5,8%	23,7%
Millistétt	7,4%	8,3%	11,4%	11,2%	12,1%	8,3%	41,4%
Fastlaunastétt	3,1%	2,1%	7,4%	5,2%	9,5%	6,4%	66,3%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk							

## 3.2 Fjárhagsstaða

Fjárhagsstaða kvenna var metin í könnuninni út frá ýmsum spurningum. Spurt var hversu vel eða illa heimilið kæmist af fjárhagslega, hvort þær byggju við efnislegan skort, hefðu fengið fjárhagsaðstoð, hvort þær væru með yfirdrátt, smálán eða bílalán, hvort þær ættu sparnað, hlutabréf eða húsnæði í útleigu og loks hvort þær telji að lífskjör sín muni batna eða versna á næstu 12 mánuðum. Jafnframt voru konurnar spurðar út í húsnæðisaðstæður sínar, hvort þær ættu eigið húsnæði eða væru á leigumarkaði.

Tafla 12 sýnir hvernig konurnar meta fjárhagslega afkomu heimilisins greint eftir menntun, launum og stétt. Taflan sýnir að tæplega helmingur kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt og iðnnám eða starfstengt nám segja að heimilið komist vel af fjárhagslega (48,1% og 49,1%). Það sama á við um herra hlutfall heimila kvenna með stúdentspróf og háskólamenntun (60,3% og 63,9%). Hæst er hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt sem eiga mjög eða frekar erfitt með að ná endum saman (20,6%). Það sama á við um lægra hlutfall kvenna með iðnnám og starfstengt nám (13,2%) og stúdentspróf (13,4%) en lægst er hlutfallið meðal kvenna með háskólamenntun (8,1%).

Þegar litið er til launa sést að hæst er hlutfall kvenna með lág laun sem eiga frekar eða mjög erfitt með að ná endum saman (20,3%), en það á við um nokkuð lægra hlutfall kvenna með meðalhá laun (9,1%) og enn lægra hlutfall kvenna með há laun (1%).

Sambærilegt hlutfall kvenna í verkastétt og millistétt eiga frekar eða mjög erfitt með að ná endum saman (14% og 13,3%) en lægra hlutfall kvenna í fastlaunastétt (7,6%).



**Tafla 12.** Fjárhagsleg afkoma heimilis, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Heimilið kemst vel af	Það tekst að ná endum saman	Það er frekar erfitt að ná endum saman	Það er mjög erfitt að ná endum saman
<b>Menntun</b> *** (N = 1189)				
Grunnskólapróf eða sambærilegt	48,1%	31,3%	13,1%	7,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	49,1%	37,7%	8,2%	5,0%
Stúdentspróf	60,3%	26,3%	10,5%	2,9%
Háskólapróf	63,9%	28,0%	6,6%	1,5%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1070)				
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	45,2%	34,6%	13,8%	6,5%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	61,4%	29,6%	7,1%	2,0%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	82,8%	16,2%	1,0%	0,0%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1181)				
Verkastétt	54,2%	31,8%	9,5%	4,5%
Millistétt	52,5%	34,2%	9,3%	4,0%
Fastlaunastétt	69,9%	22,5%	6,1%	1,5%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Niðurstöður um efnislegan skort eftir menntun, launum og starfsflokkun eru birtar í töflu 13. Hærra hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt er í vanskilum á leigu/lánnum (6,6%), hafa ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (24,5%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (24,9%), hafa ekki efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag (9,8%), síma (9,3%), sjónvarpstæki (10,6%), þvottavél (10,6%), bíl (15,3%) og nægilegri upphitun húsnæðis (3,3%) samanborið við konur með iðnnám og starfstengt nám, stúdentspróf og háskólapróf.

Hærra hlutfall kvenna með 499 þús. kr. eða minna í laun á mánuði eru í vanskilum á leigu eða lánnum (5,4%), hafa ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (25,6%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (27,5%), hafa ekki efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag (9,7%), síma (6,7%), sjónvarpstæki (10,4%), þvottavél (10,2%), bíl (17,6%) og nægilegri upphitun (3,3%), samanborið við þær sem eru með 500.000 eða meira í laun á mánuði.

Þegar efnislegur skortur er greindur eftir efnahagsstétt sést að sama hlutfall kvenna í verkastétt og millistétt hafa ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (17,7%) og nokkuð svipað hlutfall meðal kvenna í verkastétt og millistétt er í vanskilum á leigu eða lánnum (5,8% og 4,6%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (20,1% og 18,2%), hafa ekki efni á síma (3,4% og 4,4%), sjónvarpstæki (6,3% og 7,1%), bíl (12,5% og 10,8%) og nægilegri upphitun (2,3% og 1,7%).

**Tafla 13.** Efnislegur skortur, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Vanskil á leigu/lán um	Ekki árlegt frí með fjölskyldu	Ekki efni á kjöt-máltíð annan hvern dag	Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum	Ekki efni á síma	Ekki efni á sjónvarps-tæki	Ekki efni á þvottavél	Ekki efni á bíl	Ekki nægileg upphitun
<b>Menntun</b> (N = 1185)									
Grunnskólapróf eða sambærilegt	6,6%	24,5%	9,8%	24,9%	9,3%	10,6%	10,6%	15,3%	3,3%
Iðnnám eða starfstengt nám	2,5%	22,0%	8,8%	21,5%	4,4%	6,9%	6,9%	11,3%	3,1%
Stúdentspróf	4,3%	15,4%	4,8%	18,7%	1,4%	5,4%	4,4%	9,2%	0,0%
Háskólapróf	3,3%	11,9%	4,6%	13,2%	3,3%	4,8%	4,4%	8,8%	2,3%
<i>P- gildi</i>		***	*	***	***	*	**		
<b>Launaflokkur</b> (N = 1062)									
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	5,4%	25,6%	9,7%	27,5%	6,7%	10,4%	10,2%	17,6%	3,3%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	3,7%	11,8%	4,2%	13,9%	3,0%	4,8%	3,7%	6,2%	1,2%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	1,0%	7,4%	3,0%	6,9%	3,0%	3,9%	3,9%	5,4%	2,5%
<i>P- gildi</i>	*	***	***	***	*	***	***	***	
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1173)									
Verkastétt	5,8%	17,7%	8,0%	20,1%	3,4%	6,3%	4,5%	12,5%	2,3%
Millistétt	4,6%	17,7%	5,8%	18,2%	4,4%	7,1%	6,8%	10,8%	1,7%
Fastlaunastétt	1,5%	12,0%	5,1%	14,3%	3,9%	4,6%	4,4%	7,8%	2,4%
<i>P- gildi</i>	**	*							

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í töflu 14 sést fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á, eftir menntun, launum og stétt. Í töflunni eru teknir saman þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 13 og saman mæla efnislegan skort. Niðurstöðurnar sýna að háskólamenntaðar konur búa síst við efnislegan skort (6,4%) en konur með grunnskólapróf eða sambærilegt eru líklegastar til þess að búa við efnislegan skort (18,6%).

Mun hærra hlutfall kvenna með lág laun býr við efnislegan skort (16,8%) í samanburði við þær sem eru með meðalhá laun (6,8%) og enn lægra hlutfall kvenna með há laun (3,5%) býr við efnislegan skort.

Þegar litið er til efnislegs skorts eftir stétt sést að hæst er hlutfall kvenna í millistétt (10,7%) og verkastétt (10,2%) sem býr við efnislegan skort en lægst meðal kvenna í fastlaunastétt (6,4%).

**Tafla 14.** Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Enginn	Einn	Tveir	Efnislegur skortur
<b>Menntun</b> *** (N = 1156)				
Grunnskólapróf eða sambærilegt	62,3%	14,2%	4,9%	18,6%
Iðnnám eða starfstengt nám	66,9%	13,4%	6,4%	13,4%
Stúdentspróf	68,2%	16,4%	9,0%	6,5%
Háskólapróf	76,7%	11,6%	5,2%	6,4%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1037)				
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	58,5%	15,5%	9,1%	16,8%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	75,8%	12,8%	4,5%	6,8%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	88,1%	7,0%	1,5%	3,5%
<b>Efnahagsstétt</b> * (N = 1142)				
Verkastétt	67,9%	14,9%	7,1%	10,2%
Millistétt	68,4%	15,4%	5,7%	10,7%
Fastlaunastétt	79,1%	8,8%	5,7%	6,4%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Niðurstöður um hvort konurnar hafi fengið fjárhagsaðstoð á síðastliðnu ári eftir menntun, launum og stétt eru birtar í töflu 15. Þegar litið er til fjárhagsaðstoðar frá ólíkum aðilum eftir menntun sést að hæst er hlutfall kvenna með stúdentspróf sem hefur fengið fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags (7,7%), aðstoð frá ættingjum eða vinum (18,6%) og húsnæðisbætur (17,2%). Hins vegar höfðu hlutfallslega flestar með grunnskólapróf eða sambærilegt fengið fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (6,9%) og mataraðstoð (4,1%).

Þegar fjárhagsaðstoð eru skoðuð eftir launum sést að konur með lág laun höfðu í meiri mæli en konur með meðalhá laun og há laun fengið fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags (7,5%),

aðstoð frá ættingjum eða vinum (19,2%), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (4,5%), mataraðstoð frá hjálparsamtökum (3,6%) og húsnæðisbætur (18,9%).

Hærra hlutfall kvenna í verkastétt en kvenna í millistétt og fastlaunastétt hafði fengið fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags (7,8% á móti 4,6% og 2,5%), mataraðstoð frá hjálparsamtökum (3,9% á móti 1,8% og 1%) og húsnæðisbætur (20,8% á móti 14,7% og 4,4%). Hins vegar hafði herra hlutfall kvenna í millistétt samanborið við konur í verkastétt og fastlaunastétt fengið aðstoð frá vinum eða ættingjum (15,4% á móti 12,8% og 9,8%) og fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (3,9% á móti 3,4% og 2,2%).

**Tafla 15.** Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags	Aðstoð frá vinum eða ættingjum	Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálpar-samtökum	Mataraðstoð frá hjálpar-samtökum	Húsnæðisbætur
<b>Menntun</b> (N = 1190)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	2,3%	17,4%	6,9%	4,1%	16,3%
Iðnnám eða starfstengt nám	5,0%	14,4%	4,4%	3,8%	15,7%
Stúdentspróf	7,7%	18,6%	3,8%	1,9%	17,2%
Háskólapróf	3,8%	10,4%	2,5%	0,7%	7,7%
<i>P- gildi</i>	*	**	*	**	***
<b>Launaflokkur</b> (N = 1070)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	7,5%	19,2%	4,5%	3,6%	18,9%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	3,0%	10,5%	3,0%	1,5%	12,0%
Há laun (800 þúsund eða herra)	0,5%	7,9%	2,5%	0,5%	2,5%
<i>P- gildi</i>	***	***		*	***
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1184)					
Verkastétt	7,8%	12,8%	3,4%	3,9%	20,8%
Millistétt	4,6%	15,4%	3,9%	1,8%	14,7%
Fastlaunastétt	2,5%	9,8%	2,2%	1,0%	4,4%
<i>P- gildi</i>	*	*			***

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 16 sýnir hlutfall kvenna sem hafa tekið yfirdrátt, smálán, önnur skammtímalán, tekið út séreignarsparnað eða þurft að endurfjármagna húsnæðislán á síðastliðnum 12 mánuðum, greint eftir menntun, launaflokki og stétt. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt hafa tekið yfirdrátt (24%) samanborið við konur með iðnnám eða starfstengt nám (22,2%), háskólapróf (20,5%) og stúdentspróf (19,6%) en munurinn er ekki

tölfræðilega marktækur. Sama á við um önnur skammtímalán. Hins vegar er hæst hlutfall meðal kvenna með stúdentspróf sem hafa tekið smálán á síðastliðnu ári (9%) en nokkuð lægra meðal kvenna með iðnnám og starfstengt nám (7,5%), grunnskólapróf (6,5%) og lægst meðal þeirra sem eru með háskólapróf (3,1%). Hæst er hlutfall kvenna með háskólapróf og iðnnám eða starfstengt nám sem hafa tekið út séreignarsparnað (13,9% og 13,8%). Hæst er hlutfall kvenna með háskólapróf sem hafa endurfjármagnað húsnæðislán til að bregðast við erfiðri lausafjárstöðu (6,1%).

Þegar litið er til skulda eftir launum sést að hæst er hlutfall kvenna með lág laun sem hafa tekið annars konar skammtímalán (9%). Hæst er hlutfall kvenna með meðalhá laun sem hafa tekið yfirdrátt (23,4%), smálán (6,5%) og endurfjármagnað húsnæðislán (7,2%). Hins vegar er hæst hlutfall kvenna með há laun sem hafa tekið út séreignarsparnað (16,7%).

Þegar horft er til greiningar eftir stétt sést að lítil munur er á því hvort konur hafi tekið yfirdrátt eftir efnahagsstétt, þó eru flestar konur í millistétt (21,9%) sem greina frá því að hafa tekið yfirdrátt. Konur í verkastétt eru líklegastar til að hafa tekið smálán (9,5%), konur í fastlaunastétt eru líklegastar til að hafa tekið út séreignarsparnað sinn (14,1%), meðan konur í verkastétt eru líklegastar til að hafa tekið önnur skammtímalán (9,5%) og að hafa endurfjármagnað húsnæðislán til að bregðast við erfiðri lausafjárstöðu (6,8%).

**Tafla 16.** Tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán, tekið út séreignarsparnað eða endurfjármagnað húsnæðislán á síðastliðnu ári, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Tekið yfirdráttarlán	Tekið smálán	Tekið út séreignarsparnað	Tekið önnur skammtímalán	Endurfjármagnað húsnæðislán til að bregðast við erfiðri lausafjárstöðu
<b>Menntun</b> (N = 1193)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	24,0%	6,5%	10,1%	12,0%	4,7%
Iðnnám eða starfstengt nám	22,2%	7,5%	13,8%	8,8%	3,2%
Stúdentspróf	19,6%	9,0%	11,0%	9,0%	5,7%
Háskólapróf	20,5%	3,1%	13,9%	4,6%	6,1%
<i>P- gildi</i>		**		**	
<b>Launaflokkur</b> (N = 1070)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	22,2%	5,1%	10,1%	9,0%	4,7%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	23,4%	6,5%	14,0%	7,8%	7,2%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	18,7%	2,0%	16,7%	3,4%	2,5%
<i>P- gildi</i>			*	*	*
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1183)					
Verkastétt	20,2%	9,5%	7,9%	9,5%	6,8%
Millistétt	21,9%	6,9%	13,2%	8,8%	4,6%
Fastlaunastétt	19,8%	2,2%	14,1%	4,2%	5,9%
<i>P- gildi</i>		***		**	***

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk, \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk, \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í könnuninni var eignastaða kvennanna skoðuð og spurt hvort þær ættu sparnað, hlutabréf eða húsnæði í útleigu og voru niðurstöðurnar greindar eftir menntun, launum og efnahagsstétt. Þær niðurstöður eru birtar í töflu 17. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall kvenna með háskólapróf (69%) sem eiga sparnað sem nemur a.m.k. einum mánaðarlaunum en sama á við um lítið lægra hlutfall kvenna með stúdentspróf (65%) og iðnmenntun eða starfstengda menntun (61,9%). Hins vegar er hlutfall kvenna með grunnskólamenntun sem eiga slíkan sparnað lægra (49,3%). Ef lítið er til annarra eigna, þ.e. hlutabréfa eða húsnæðis í útleigu, sést að nokkuð hærra hlutfall kvenna með háskólapróf eiga slíkt (27,7%) samanborið við konur með grunnskólapróf (14,7%), stúdentspróf (13,5%) og iðnnám eða starfstengt nám (11,9%).

Þegar sömu þættir eru greindir eftir launum sést að tæplega þrír fjórðu hlutar kvenna í hæsta launaflokki eiga sparnað sem nemur a.m.k. einum mánaðarlaunum (73,3%) samanborið við lægra hlutfall kvenna með meðalhá laun (63,7%) og ríflega helming kvenna í lægsta launaflokknum (56,4%). Þegar litið er til annarra eigna, t.d. hlutabréfa eða húsnæðis í útleigu, sést að hæst hlutfall kvenna í hæsta launaflokknum eiga slíkar eignir (31,5%) en það á við um tæplega fjórðung kvenna með meðalhá laun (22,4%), og konur í lægsta launaflokknum eru ólíklegar til að eiga slíkar eignir (14,0%).

Þegar litið er til efnahagsstéttar þá er ekki marktækur munur á hlutfalli kvenna í verkastétt, millistétt og fastlaunastétt sem eiga sparnað sem nemur einum mánaðarlaunum (59%, 62,8% og 67,3%). En þegar kemur að öðrum eignum sést að konur í fastlaunastétt eru lang líklegastar til þess að eiga hlutabréf eða húsnæði í útleigu (30,1%), miðað við konur í millistétt (17,2%) og verkastétt (13,6%).

**Tafla 17.** Eiga sparnað sem nemur a.m.k. einum mánaðarlaunum, hlutabréf eða húsnæði í útleigu, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Átt þú sparnað sem nemur a.m.k. einum mánaðarlaunum þínum?	Átt þú eitthvað af eftirfarandi: hlutabréf, húsnæði sem þú leigir út eða aðrar eignir sem þú hefur tekjur af?
<b>Menntun</b> (N = 1188)		
Grunnskólapróf eða sambærilegt	49,3%	14,7%
Iðnnám eða starfstengt nám	61,9%	11,9%
Stúdentspróf	65,0%	13,5%
Háskólapróf	69,0%	27,7%
<i>P- gildi</i>	***	***
<b>Launaflokkur</b> (N = 1067)		
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	56,4%	14,0%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	63,7%	22,4%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	73,3%	31,5%
<i>P- gildi</i>	***	***
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1174)		
Verkastétt	59,0%	13,6%
Millistétt	62,8%	17,2%
Fastlaunastétt	67,3%	30,1%
<i>P- gildi</i>		***

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í töflu 18 eru húsnæðisaðstæður kvenna greindar eftir menntun, launum og stétt. Rúmlega þrjú fjórðu kvenna með háskólapróf búa í eigin húsnæði en 17,8% þeirra búa í húsnæði á almennum leigumarkaði. Rétt rúmlega helmingur kvenna með stúdentspróf býr í eigin húsnæði (53%) en 38,9% þeirra eru á almennum leigumarkaði og 3,3% býr í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum. Svipað hlutfall kvenna með grunnskólapróf og iðnnám eða starfstengt nám býr í eigin húsnæði (67,1% og 65,6%) og tæplega fjórðungur kvenna með grunnskólapróf býr í leiguhúsnæði á almennum markaði (22,9%) en rúmur fjórðungur kvenna með iðnnám eða starfstengt nám (22,9%). Konur með grunnskólapróf eru hlutfallslega flestar í félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélags (4,0%) en engin kona með háskólapróf býr í félagslegu húsnæði.

**Tafla 18.** Húsnæðisaðstæður, eftir menntun, launaflokkum og efnahagsstétt.

	Býr í eigin húsnæði	Býr í leiguhúsnæði á almennum markaði	Býr í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	Býr í félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélags	Býr hjá foreldrum eða ættingjum
<b>Menntun</b> *** (N = 1165)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	67,1%	22,9%	3,8%	4,0%	2,1%
Iðnnám eða starfstengt nám	65,6%	26,0%	3,8%	1,2%	3,5%
Stúdentspróf	53,0%	38,9%	3,3%	0,5%	4,3%
Háskólapróf	76,1%	17,8%	2,4%	0,0%	3,2%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1047)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	55,6%	34,0%	3,8%	1,7%	4,6%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	69,6%	22,3%	3,9%	0,4%	3,5%
Há laun (800 þúsund eða herra)	91,6%	6,0%	1,3%	0,0%	1,1%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1157)					
Verkastétt	44,8%	50,1%	2,1%	0,0%	3,0%
Millistétt	65,3%	25,8%	3,4%	1,8%	3,5%
Fastlaunastétt	85,3%	9,5%	2,6%	0,0%	2,4%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu að líf skjör sín myndu batna eða versna á næstu 12 mánuðum og voru niðurstöðurnar greindar eftir menntun, launum og efnahagsstétt, og eru birtar í töflu 19. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt og iðnnám eða starfstengt nám telja að líf skjör sín muni um það bil standa í stað (58,3% og 58,6%) og sama á við um lítið lægra hlutfall kvenna með háskólapróf (57,5%). Hins vegar er lægra hlutfall kvenna með stúdentspróf (46,3%) sem meta framtíðarhorfur sínar með þeim hætti. Herra hlutfall



kvenna með stúdentspróf telja að lífskjör sín muni versna nokkuð eða mikið (18,6%) en hlutfallið er lægra meðal kvenna með iðnnám eða starfstengt nám (14,5%), háskólapróf (10%) og lægst meðal kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt (8,6%). Jafnframt eru hlutfallslega flestar konur með stúdentspróf sem telja að lífskjör sín muni batna nokkuð eða mikið (35,1%), svipað hlutfall kvenna með grunnskólapróf (33,2%) og háskólapróf (32,5%) en lægra hlutfall þeirra sem hafa lokið iðnnámi eða starfstengdu námi (27%).

Ef litið er til viðhorfa kvenna til lífskjara þeirra næstu 12 mánuðina eftir launum sést að herra hlutfall kvenna með lág laun telja að lífskjör sín muni versna nokkuð eða mikið (15,6%) samanborið við konur með meðalhá laun (9,6%) og há laun (8%). Hæst er hlutfall kvenna með há laun sem telja að lífskjör sín muni um það bil standa í stað (67,2%) en lægra meðal kvenna með meðalhá laun (54,5%) en hlutfallið er lægst meðal kvenna með lág laun (49,3%). Hins vegar er lægst hlutfall kvenna með há laun sem telur að lífskjör sín muni batna nokkuð eða mikið (24,9%) en nokkuð herra hlutfall meðal kvenna með lág laun (35%) og meðalhá laun (35,9%).

Þegar væntingar um lífskjör næstu 12 mánuði eru greind eftir efnahagsstétt sést að konur í verkastétt eru líklegastar til að óttast það að lífskjör þeirra muni versna nokkuð mikið eða mikið á næstu 12 mánuðum (18,4%), sama á við um lægra hlutfall kvenna í millistétt (12%) og enn lægra hlutfall kvenna í fastlaunastétt (8,9%).

**Tafla 19.** Telja lífskjör muni batna eða versna á næsta ári, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Versna mikið	Versna nokkuð	Um það bil standa í stað	Batna nokkuð	Batna mikið
<b>Menntun</b> * (N = 1165)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	0,5%	8,1%	58,3%	24,2%	9,0%
Iðnnám eða starfstengt nám	1,3%	13,2%	58,6%	22,4%	4,6%
Stúdentspróf	1,0%	17,6%	46,3%	26,3%	8,8%
Háskólapróf	0,7%	9,3%	57,5%	27,2%	5,3%
<b>Launaflokkur</b> ** (N = 1047)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	1,3%	14,3%	49,3%	28,6%	6,4%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	0,5%	9,1%	54,5%	28,8%	7,1%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	0,5%	7,5%	67,2%	19,4%	5,5%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1157)					
Verkastétt	1,7%	16,7%	41,4%	33,9%	6,3%
Millistétt	0,9%	11,1%	54,7%	26,4%	6,9%
Fastlaunastétt	0,2%	8,7%	63,5%	22,1%	5,5%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 20 sýnir hlutfall kvenna sem hafa neitað sér um fatnað, næringarríkan mat, líkamsrækt, menningarviðburði, félagslíf, hársnyrtingu og menntun. Niðurstöðurnar eru greindar eftir menntunarstöðu, launum og stétt. Sjá má í töflu 20 að hæst er hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt sem hafa þurft að neita sér um nauðsynlegan klæðnað (18,3%), eins næringarríkan mat og þær telja sig þurfa (12,4%), líkamsrækt (17,2%), félagslíf (14,3%) og menntun sem þær hafa áhuga á að sækja (18,1%). Hæst er hlutfall kvenna með iðnnám eða starfstengt nám sem hafa ekki haft efni á klippingu á hárgreiðslustofu (18,8%) og tilgreina annað (6,6%). Hæst er hlutfall kvenna með stúdentspróf sem hafa ekki haft ráð á að sækja menningarviðburði (22,3%).

Þegar greint er hvort að fjárskortur hafi komið í veg fyrir að konur hafi getað greitt fyrir eitthvað af aðspurðum þáttum eftir launum sést að hæst er hlutfall kvenna með lág laun sem ekki höfðu efni á nauðsynlegum klæðnaði (15,6%), eins næringarríkum mat og þær telja sig þurfa (12,2%), líkamsrækt (19,3%), menningarviðburðum (25,1%), félagslífi (16,4%), klippingu á hárgreiðslustofu (22,3%), menntun sem þær hafa áhuga á að sækja (19,6%) og þær tilgreina auk þess í mestum mæli aðra þætti (8,1%).

Þegar litið er til sömu þátta eftir stétt sést að hæst er hlutfall kvenna í verkastétt sem ekki höfðu efni á nauðsynlegum klæðnaði (11,8%), líkamsrækt (17%), menningarviðburðum (21,5%),

félagslífi (16,4%) og menntun (18,2%). Hins vegar var hæst hlutfall kvenna í millistétt sem höfðu ekki efni á eins næringarríkum mat og þær telja sig þurfa (8,9%) og klippingu á hárgreiðslustofu (16,8%).

**Tafla 20.** Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða fyrir grunnþætti fyrir sig sjálfa, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Nauðsynlegan fatnað	Eins næringarrík an mat og ég tel mig þurfa	Líkamsrækt	Menningarviðburði	Félagslíf	Klippingu á hárgreiðslustofu	Menntun sem þú hefur áhuga á að sækja	Annað
<b>Menntun</b> (N = 1191)								
Grunnskólapróf eða sambærilegt	18,3%	12,4%	17,2%	22,2%	14,3%	18,1%	18,1%	1,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	11,3%	8,2%	15,8%	18,2%	13,2%	18,8%	13,8%	6,6%
Stúdentspróf	11,5%	10,0%	16,8%	22,3%	13,5%	15,9%	16,7%	6,3%
Háskólapróf	6,6%	4,4%	7,4%	13,2%	7,6%	10,4%	9,4%	4,6%
<i>P- gildi</i>	***	***	***	**	**	**	**	
<b>Launaflokkur</b> (N = 1069)								
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	15,6%	12,2%	19,3%	25,1%	16,4%	22,3%	19,6%	8,1%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	8,0%	5,8%	9,8%	15,3%	9,5%	12,1%	11,0%	3,6%
Há laun (800 þúsund eða herra)	2,5%	1,0%	2,5%	4,5%	1,0%	3,0%	4,0%	1,6%
<i>P- gildi</i>	***	***	***	***	***	***	***	***
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1181)								
Verkastétt	11,8%	5,6%	17,0%	21,5%	16,4%	14,9%	18,2%	8,8%
Millistétt	11,1%	8,9%	13,5%	18,5%	11,6%	16,8%	14,0%	5,2%
Fastlaunastétt	6,6%	4,4%	6,6%	10,8%	5,6%	7,4%	7,6%	2,3%
<i>P- gildi</i>	*	*	***	***	***	***	***	**

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Þær konur sem tóku þátt í könnuninni sem eiga börn voru spurðar hvort fjárskortur á síðastliðnum 12 mánuðum hefði komið í veg fyrir að hægt væri að greiða nauðsynlega hluti fyrir börnin og eru niðurstöðurnar birtar í töflum 21 og 22, greint eftir menntun, launum og stétt. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt sem ekki hafa haft efni á skólabókum eða öðrum námskostnaði (4,8%), mat í skóla (6,3%) og nauðsynlegum fatnaði (16,3%). Hæst er hlutfall kvenna með iðnnám eða starfstengt nám sem ekki hafa haft efni á leikskólagjöldum (6,5%), og kostnaði vegna skólaferðalaga (10,4%). Þegar litið er til kvenna með stúdentspróf sést að hæst er hlutfall þeirra sem ekki gátu greitt kostnað vegna frístundar (8,8%), innritunargjald í framhaldsskóla (3,8%) og kostnað umfram frístundastyrk vegna tómsunda (14,3%). Staða kvenna með háskólapróf er betri á öllum þeim þáttum sem mældir voru.

Þegar niðurstöðurnar eru greindar eftir launum sést að hærra hlutfall kvenna með lág laun gátu ekki greitt fyrir alla þá þætti sem spurt var um samanborið við konur með meðalhá laun og há laun. Þónokkuð hlutfall kvenna með láglaun gátu ekki greitt frístund (7,2%) eða skólaferðalög (9,8%). Enn stærra hlutfall kvenna með lág laun gátu ekki greitt fyrir tómsundir umfram frístundastyrk (16,3%) og nauðsynlegan klæðnað fyrir börn sín (11,8%). Konur með lág laun eru einnig líklegri til að geta ekki greitt mat í skóla (6,5%), leikskólagjöld (3,3%), innritunargjöld í framhaldsskóla (3,2%), skólabækur eða annan námskostnað (3,6%).

Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall kvenna í verkastétt en kvenna í millistétt og fastlaunastétt höfðu ekki efni á skólabókum eða öðrum námskostnaði (3,5%), mat í skóla (4,6%) og kostnaði vegna skipulagðra tómsunda umfram frístundastyrk (15,4%). Hins vegar var hærra hlutfall kvenna í millistétt sem ekki hafði efni á leikskólagjöldum (4,2%), frístund (6%), skólaferðalögum (8%) og nauðsynlegum klæðnaði (10%). Konur í fastlaunastétt áttu ekki í erfiðleikum með að greiða aðspurða þætti fyrir utan nokkrar sem greindu frá erfiðleikum við að greiða kostnað umfram frístundastyrk (2,3%), kostnað vegna skólaferðalaga (1,0%) og nauðsynlegan fatnað (1,7%).

**Tafla 21.** Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir barn/börn, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Leikskóla- gjöld	Gjöld fyrir frístunda- heimili	Innritunargjald í framhaldsskóla	Skólabækur eða annan námskostnað	Mat í skólanum	Tómstundir umfram frístundastyrk	Kostnað vegna skólaferðalaga	Nauðsynlegan fatnað
<b>Menntun</b> (N = 595)								
Grunnskólapróf eða sambærilegt	4,7%	8,5%	2,8%	4,8%	6,3%	13,9%	7,4%	16,3%
Iðnnám eða starfstengt nám	6,5%	2,8%	3,1%	2,2%	3,9%	13,2%	10,4%	10,8%
Stúdentspróf	3,6%	8,8%	3,8%	1,4%	5,0%	14,3%	5,7%	8,2%
Háskólapróf	0,5%	0,9%	0,0%	0,0%	1,0%	2,6%	2,1%	1,8%
<i>P- gildi</i>		**		*	*	***	*	***
<b>Launaflokkur</b> (N = 532)								
Lág laun (499 þúsund eða læggra)	3,3%	7,2%	3,2%	3,6%	6,5%	16,3%	9,8%	11,8%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	1,9%	1,7%	0,9%	1,3%	2,8%	5,8%	4,1%	5,0%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	1,3%	1,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,6%
<i>P- gildi</i>		*			**	***	**	***
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 593)								
Verkastétt	2,5%	4,1%	0,0%	3,5%	4,6%	15,4%	4,8%	7,0%
Millistétt	4,2%	6,0%	3,1%	2,5%	3,9%	10,4%	8,0%	10,0%
Fastlaunastétt	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,4%	2,3%	1,0%	1,7%
<i>P- gildi</i>	*	*				***	**	***

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 22 sýnir að háskólamenntaðar konur eiga almennt síður í vandræðum með að greiða fyrir ákveðna grunnþætti fyrir börnin sín.. Af þeim konum sem eru með grunnskólapróf eða sambærilegt gátu 11,6% ekki greitt fyrir eins næringarríkan mat og þær töldu börnin sín þurfa , 9,4% gátu ekki greitt fyrir gleraugu, 6,1% fyrir lyf og 7,8% fyrir félagslega þátttöku (t.d. bekkjarafmæli eða bíóferðir. Hins vegar var hæst hlutfall kvenna með iðnnám eða starfstengt nám sem ekki gátu greitt fyrir tannréttingar (19,1%), sálfræðiþjónustu (8,6%) og barnapössun (9,1%).

Þegar sömu þættir eru greindir eftir launum sést að hæst er hlutfall kvenna með lág laun sem ekki gátu greitt fyrir eins næringarríkan mat og þær töldu börnin sín þurfa (6,9%), tannréttingar (11,5%), sálfræðiþjónustu (10,9%), lyf (5,4%), félagslega þátttöku (7,9%) og barnapössun (10,4%). Hins vegar voru hlutfallslega flestar með meðalhá laun sem ekki gátu greitt fyrir gleraugu (4,3%) og meðlag (1,9%).

Þegar litið er til efnahagsstéttar sést að herra hlutfall kvenna í verkastétt hafði ekki efni á tannréttingum (8,3%), lyfjum (2,8%) og meðlagi (4,9%). Herra hlutfall kvenna í millistétt hafði hins vegar ekki efni á eins næringarríkum mat og þær töldu barnið þurfa (6,9%), gleraugum (4,6%), sálfræðiþjónustu (7,9%), félagslegri þátttöku (5,5%) og barnapössun (8%).

**Tafla 22.** Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir barn/börn, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt (framhald af töflu 21).

	Eins næringarríkan mat og þú telur þau þurfa	Tannréttingar	Gleraugu	Sálfræðiþjónusta	Lyf	Vegna félagslegrar þátttöku	Barnapössun	Meðlag
<b>Menntun</b> (N = 595)								
Grunnskólapróf eða sambærilegt	11,6%	2,0%	9,4%	7,5%	6,1%	7,8%	7,4%	0,0%
Iðnnám eða starfstengt nám	7,7%	19,1%	5,4%	8,6%	3,8%	5,0%	9,1%	0,0%
Stúdentspróf	8,2%	7,2%	4,1%	6,1%	4,7%	6,1%	7,5%	4,2%
Háskólapróf	0,6%	4,9%	2,0%	5,0%	0,0%	0,6%	2,4%	0,5%
<i>P- gildi</i>	***	**			***	***		
<b>Launaflokkur</b> (N = 532)								
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	6,9%	11,5%	4,0%	10,9%	5,4%	7,9%	10,4%	0,0%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	4,0%	5,8%	4,3%	3,7%	1,1%	1,0%	4,9%	1,9%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	1,6%	2,0%	1,0%	1,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
<i>P- gildi</i>		*		**	**	***	**	
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 593)								
Verkastétt	2,3%	8,3%	3,7%	3,8%	2,8%	2,8%	6,5%	4,9%
Millistétt	6,9%	6,3%	4,6%	7,9%	2,7%	5,5%	8,0%	0,0%
Fastlaunastétt	1,7%	5,1%	2,8%	4,1%	0,9%	0,4%	1,1%	0,0%
<i>P- gildi</i>	**					**	**	***

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk



Tafla 23 sýnir hlutfall þeirra kvenna sem hafa neitað sér um mat til að börnin fái nóg að borða greint eftir menntun, launum og stétt. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt sem þurfa alltaf, mjög oft eða frekar oft að neita sér um mat (8,3%) og næst hæst er hlutfallið meðal kvenna með iðnnám eða starfstengt nám (4,3%) en lægra meðal kvenna með stúdentspróf (1%) og háskólapróf (1,2%).

Þegar niðurstöðurnar eru greindar eftir launum sést að hæst er hlutfall kvenna með lág laun sem þurfa alltaf, mjög oft eða frekar oft að neita sér um mat til að sjá til þess að börnin fái nóg (3,2%) en það á við um lítið lægra hlutfall kvenna með meðalhá laun (2,9%) og engar konur með háskólapróf (0%).

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar eftir stétt sést að umtalsvert hærra hlutfall kvenna í verkastétt en millistétt og fastlaunastétt þurfa alltaf, mjög oft eða frekar oft að neita sér um mat (6,7% á móti 2,8% og 0,4%).

**Tafla 23.** Hefur þurft að neita sjálfri sér um mat svo börnin fái nóg að borða, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Alltaf	Mjög oft	Frekar oft	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	Aldrei
<b>Menntun</b> (N = 638)						
Grunnskólapróf eða sambærilegt	0,0%	3,1%	5,2%	11,3%	9,3%	71,1%
Iðnnám eða starfstengt nám	1,4%	2,9%	0,0%	5,8%	8,7%	81,2%
Stúdentspróf	0,0%	0,0%	1,0%	5,8%	5,8%	87,4%
Háskólapróf	0,0%	0,6%	0,6%	1,9%	3,0%	93,9%
<b>Launaflokkur</b> (N = 571)						
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	0,0%	1,4%	1,8%	8,6%	8,1%	80,1%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	0,5%	1,9%	0,5%	3,7%	4,2%	89,3%
Há laun (800 þúsund eða herra)	0,0%	0,0%	0,0%	0,8%	2,3%	96,9%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 633)						
Verkastétt	1,1%	3,4%	2,2%	5,6%	5,6%	82,0%
Millistétt	0,0%	1,4%	1,4%	5,7%	5,7%	85,8%
Fastlaunastétt	0,0%	0,0%	0,4%	2,7%	3,1%	93,8%
Marktektarpróf voru ekki framkvæmd sökum smæðar sumra flokkanna						

### 3.3 Traust til opinberrar þjónustu

Þátttakendur voru spurðir um þætti er varða traust til opinberrar þjónustu. Tafla 24 sýnir hlutfall kvenna sem telja að þær geti fengið aðstoð frá opinberum stofnunum ef eitthvað kæmi upp á, greint eftir menntun, launum og stétt. Niðurstöðurnar sýna að lægra hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt eru mjög eða frekar sammála því (56,5%) en hlutfallið er hærra meðal kvenna með iðnnám eða starfstengt nám (63,6%), háskólapróf (70,3%) og stúdentspróf (73,3%). Að sama skapi er hærra hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt sem eru mjög ósammála eða ósammála því að þær gætu fengið aðstoð frá opinberum stofnunum ef eitthvað kæmi upp á (31,1%) samanborið við konur með iðnnám eða starfstengt nám (21,2%), stúdentspróf (15,7%) og háskólapróf (13,7%).

Þegar sömu niðurstöður eru skoðaðar eftir launum sést að hærra hlutfall kvenna með lág laun eru ósammála því að þær gætu fengið aðstoð frá opinberum stofnunum ef á þyrfti að halda (22,8%) samanborið við konur með meðalhá laun (13,7%) og há laun (16,4%).

Þegar horft er til efnahagsstéttarkvenna sést að 20% kvenna í verkastétt er ósammála eða mjög ósammála því að þær geti fengið aðstoð frá opinberum stofnunum ef eitthvað kæmi uppá, 18,1% kvenna í millistétt er á sama máli, en 15,7% kvenna í fastlaunastétt.

**Tafla 24.** *Telur sig geta fengið aðstoð frá opinberum stofnunum ef eitthvað kæmi upp á, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.*

	Mjög sammála	Sammála	Hvorki sammála né ósammála	Ósammála	Mjög ósammála
<b>Menntun</b> *** (N = 953)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	7,1%	49,4%	12,4%	18,2%	12,9%
Iðnnám eða starfstengt nám	13,6%	50,0%	15,3%	10,2%	11,0%
Stúdentspróf	14,0%	59,3%	11,0%	9,9%	5,8%
Háskólapróf	14,9%	55,4%	15,9%	8,5%	5,2%
<b>Launaflokkur</b> * (N = 866)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	12,7%	49,9%	14,7%	15,0%	7,8%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	14,0%	57,9%	14,3%	7,2%	6,5%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	14,0%	59,1%	10,4%	8,5%	7,9%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 947)					
Verkastétt	11,4%	55,7%	12,9%	9,3%	10,7%
Millistétt	12,7%	54,8%	14,5%	10,8%	7,3%
Fastlaunastétt	13,0%	55,6%	15,7%	10,6%	5,1%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 25 sýnir hlutfall þeirra kvenna sem vita hvert þær gætu leitað ef þær vantar félagslega eða fjárhagslega aðstoð frá hinu opinbera. Niðurstöðurnar sýna að af þeim sem eru fullyrðingunni ósammála eða mjög ósammála er hlutfallið hæst meðal kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt (31,9%). Meðal kvenna með iðnmenntun eða með starfstengda menntun á framhaldsskólastigi er hlutfallið 29,9% en konur með stúdentspróf og háskólapróf eru síður ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni (26,8% og 26,1%).

Þegar litið er til fullyrðingarinnar með tilliti til launa má sjá að konur í hæsta launaflokknum eru síst líklegar til þess að vita hvert þær ættu að leita ef þær þyrftu aðstoð frá opinberum stofnunum en 30% þeirra voru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni. Svipaða sögu er þó að segja um konur með lág laun en 28,4% voru mjög ósammála eða ósammála en 24,1% kvenna með meðalhá laun.

Lítill munur er á svörum kvenna eftir efnahagsstétt en 27,4% kvenna í fastlaunastétt, 28,1% kvenna í millistétt og 26,9% kvenna í verkastétt vita ekki hvert þær ættu að leita ef þær þyrftu hjálp frá opinberum stofnunum.

**Tafla 25.** Veit hvert skal leita ef vantar félagslega eða fjárhagslega aðstoð frá opinberum aðilum, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Mjög sammála	Sammála	Hvorki sammála né ósammála	Ósammála	Mjög ósammála
<b>Menntun</b> (N = 1040)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	12,4%	47,6%	8,1%	11,4%	20,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	15,7%	48,0%	6,3%	15,7%	14,2%
Stúdentspróf	13,7%	49,7%	9,8%	13,7%	13,1%
Háskólapróf	16,6%	47,3%	10,0%	13,1%	13,0%
<b>Launaflokkur</b> * (N = 942)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	12,1%	50,2%	9,2%	15,3%	13,1%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	15,9%	51,0%	9,0%	12,8%	11,3%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	19,5%	43,2%	7,4%	10,5%	19,5%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1030)					
Verkastétt	13,0%	50,7%	8,9%	10,3%	17,1%
Millistétt	13,4%	48,4%	10,1%	14,0%	14,1%
Fastlaunastétt	17,5%	47,7%	7,8%	12,9%	14,0%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk					

### 3.4 Sambætting fjölskyldu- og atvinnulífs

Í könnuninni voru konurnar spurðar út í þætti sem tengjast sambættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Voru þær meðal annars spurðar að því hve oft það ætti sér stað að áhyggjur og skuldbindingar sem tengdust fjölskyldulífinu trufluðu þær á meðan þær sinntu vinnunni og öfugt, það er að segja hve oft áhyggjur og skuldbindingar sem tengdust vinnunni trufluðu þær á meðan þær sinntu fjölskyldu og heimili. Sömuleiðis voru þær spurðar hvernig skiptingu heimilisstarfa væri háttað milli sín og annarra á heimilinu.

Tafla 26 sýnir niðurstöður spurningarinnar um hversu oft eða sjaldan áhyggjur og skuldbindingar tengdu heimilis- og fjölskyldulífi trufluðu konurnar á meðan þær sinntu vinnunni. Þegar spurningin er skoðuð út frá menntun kvennanna má sjá að konur með grunnskólapróf eða sambærilegt telja í mestum mæli að slíkt gerist frekar oft eða mjög oft (13%). Næst hæst er svo hlutfallið meðal kvenna með háskólapróf (11,4% ) og því næst meðal kvenna með stúdentspróf (10,9%). Lægst er hlutfallið meðal kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldskólastigi (8,9%).

Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til launa má sjá að láglaunakonur eru líklegastar til þess að vera mjög eða frekar oft truflaðar í vinnu vegna áhyggna og skuldbindingum tengdum heimilis- og fjölskyldulífi (13,8%), þar á eftir koma konur með meðalhá laun (11%), og lægst er hlutfallið meðal kvenna með hæstu launin (9,4%).

Greint með tilliti til efnahagsstéttar má sjá að hæst hlutfall þeirra sem telja að áhyggjur og skuldbindingar tengdar heimilis- og fjölskyldulífi trufla þær á meðan þær eru í vinnunni eru í fastlaunastétt (13,3%) en næst hæst er hlutfallið meðal kvenna í verkastétt (12,4%), og loks millistétt (9,6%).

**Tafla 26.** Áhyggjur og skuldbindingar sem tengjast fjölskyldu trufla konurnar í starfi, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Mjög oft	Frekar oft	Hvorki oft né sjaldan	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan
<b>Menntun</b> * (N = 1187)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	2,3%	10,7%	7,5%	14,0%	65,4%
Iðnnám eða starfstengt nám	2,5%	6,4%	9,6%	18,5%	63,1%
Stúdentspróf	1,9%	9,0%	15,7%	21,4%	51,9%
Háskólapróf	3,3%	8,1%	10,2%	24,2%	54,2%
<b>Launaflokkur</b> * (N = 1064)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	4,3%	9,5%	11,0%	20,6%	54,5%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	2,5%	8,5%	10,0%	23,8%	55,3%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	2,5%	6,9%	8,9%	20,2%	61,6%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1183)					
Verkastétt	4,5%	7,9%	14,6%	16,9%	56,2%
Millistétt	2,8%	6,8%	10,4%	21,7%	58,3%
Fastlaunastétt	2,5%	10,8%	9,3%	21,8%	55,6%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í töflu 27 er spurningunni snúið við og konur spurðar hversu oft áhyggjur og skuldbindingar tengdar vinnunni trufla tíma með fjölskyldunni. Þegar greint er eftir menntun, launum og efnahagsstétt kemur skýrt mynstur fram. Konur með háskólapróf eru líklegastar til þess að telja slíkt gerast frekar eða mjög oft (16,9%) en konur með iðnnám eða starfstengt nám eru ólíklegastar til þess að upplifa þessa truflun (7%).

Konur með há laun er einnig líklegastar til þess að telja helst að slíkt gerist frekar eða mjög oft að áhyggjur og skuldbindingar tengdar vinnunni trufluðu þær á meðan þær sinntu heimilis- og fjölskyldulífi (19,8%) en næst hæst er hlutfallið meðal kvenna með meðalhá laun (16,8%) og lægst meðal láglaunakvenna (10,9%).

Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til efnahagsstéttar sést að konur í fastlaunastétt eru líklegastar til þess að upplifa að áhyggjur og skuldbindingar tengdri vinnu trufla þær frekar oft eða mjög oft á meðan þær sinna heimilis- og fjölskyldulífi (20,7%). Svipað hlutfall kvenna í millistétt og verkastétt telja slíkt gerast frekar eða mjög oft (10,8% og 10,6%).

**Tafla 27.** Áhyggjur og skuldbindingar sem tengjast starfi trufla konurnar þegar þær eru með fjölskyldu sinni, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Mjög oft	Frekar oft	Hvorki oft né sjaldan	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan
<b>Menntun</b> *** (N = 1184)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	3,8%	7,1%	5,7%	11,8%	71,6%
Iðnnám eða starfstengt nám	3,2%	3,8%	8,9%	16,6%	67,5%
Stúdentspróf	2,9%	12,0%	14,9%	15,9%	54,3%
Háskólapróf	4,5%	12,4%	13,7%	19,6%	49,8%
<b>Launaflokkur</b> (N = 1060)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	3,5%	7,4%	12,9%	18,3%	58,0%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	3,8%	13,0%	11,0%	16,8%	55,4%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	5,4%	14,4%	9,4%	19,3%	51,5%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1181)					
Verkastétt	3,9%	6,7%	19,1%	16,9%	53,4%
Millistétt	3,2%	7,6%	8,9%	16,5%	63,9%
Fastlaunastétt	5,2%	15,5%	13,0%	18,9%	47,4%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í töflu 28 gefur að líta niðurstöður eingöngu fyrir þær konur sem sögðust eiga maka. Spurt var hvernig skiptingu heimilisstarfa væri háttað milli þeirra og makans. Enginn marktækur munur er á svörum kvenna eftir menntunarstigi.

Þegar spurningin er skoðuð með tilliti til launa kemur í ljós að láglauakonur telja í mestum mæli að þær geri nokkuð eða miklu meira en sinn skerf af heimilisstörfum (52%). Helmingur kvenna með meðalhá laun telja slíkt hið sama (50%) og 39,5% kvenna með há laun. Að sama skapi telja hálaunakonur helst að þær sinni heimilisverkum til jafns við maka sinn eða 54,1%.

Greint eftir efnahagsstétt kemur í ljós að af þeim sem telja sig gera nokkuð eða miklu meira en sinn skerf af heimilisstörfunum er hlutfallið hæst meðal kvenna í fastlaunastétt (48,8%) en lægst meðal kvenna í verkastétt (43,6%). Munurinn er þó ekki marktækur.

**Tafla 28.** Skipting heimilisstarfa milli sambúðarfólks, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Ég geri miklu meira en minn skerf af heimilisstörfunum	Ég geri nokkuð meira en minn skerf af heimilisstörfunum	Ég geri um það bil minn skerf af heimilisstörfunum	Ég geri minna en minn skerf af heimilisstörfunum	Ég geri miklu minna en minn skerf af heimilisstörfunum
<b>Menntun</b> (N = 861)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	16,0%	31,3%	49,3%	2,0%	1,3%
Iðnnám eða starfstengt nám	17,3%	29,8%	47,1%	3,8%	1,9%
Stúdentspróf	19,9%	31,9%	44,7%	2,8%	0,7%
Háskólapróf	12,6%	33,8%	49,7%	2,4%	1,5%
<b>Launaflokkur</b> ** (N = 758)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	18,6%	33,4%	44,2%	2,2%	1,6%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	11,9%	38,1%	46,8%	3,2%	0,0%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	14,0%	25,5%	54,1%	2,5%	3,8%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 864)					
Verkastétt	18,0%	25,6%	51,9%	3,0%	1,5%
Millistétt	15,6%	31,8%	49,6%	1,5%	1,5%
Fastlaunastétt	13,2%	35,6%	46,1%	3,5%	1,6%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk					



### 3.5 Huglæg stéttarstaða

Huglæg stéttarstaða vísar til þess hvar einstaklingur sér sjálfan sig í stéttakerfinu (Guðmundur Oddsson, 2020). Til að meta huglæga stéttarstöðu voru þátttakendur í rannsókninni beðnir um að meta staðsetningu sína í þjóðfélagsstiganum á kvarðanum einum til tíu, út frá þeirri hugmynd að til séu hópar í þjóðfélaginu sem væru álitnir vera efst í þjóðfélagsstiganum á meðan aðrir eru taldir vera á botninum. Einnig voru þær spurðar hvar þær teldu fjölskylduna sem þær ólust upp í hafa verið staðsetta á sama kvarða.

Í töflu 29 má sjá huglægt mat kvennanna á eigin staðsetningu á kvarðanum, greint með tilliti til menntunar, launa og efnahagsstéttar. Þegar litið er til menntunar má sjá að konur með grunnskólapróf eða sambærilegt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig vera í lægstu fjórum (neðstu) þrepunum (27,1%). Nokkuð svipað hlutfall kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi (17,5%) og kvenna með stúdentspróf (17,9%) telja slíkt hið sama. Lægst er hlutfallið meðal kvenna með háskólapróf (7,2%) sem telja sig vera í lægstu fjórum þrepum þjóðfélagsstigans. Að sama skapi eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra með háskólapróf sem telja sig vera í efstu þremur þrepunum (8-10), eða 17,6%. Því næst koma konur með stúdentspróf en 11,9% telja sig vera í þremur efstu þrepum þjóðfélagsstigans. Lægra hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt (6,6%) og kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi (5,2%) telja slíkt hið sama. Langsamlega flestar konurnar telja sig þó vera einhvers staðar í miðjuþrepunum þremur (5-7). Af konunum með grunnskólapróf eða sambærilegt telja 66,2% að þær séu í þrepum 5 til 7 Það sama á við um 77,3% kvenna með iðnmenntun, 70,3% kvenna með stúdentspróf og 75,3% kvenna með háskólapróf.

Þegar spurningin er greind eftir launum kemur í ljós að láglaunakonur eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig vera í lægstu fjórum þrepunum (23,4%). Af konum með meðalhá laun telja 10% sig vera í lægstu fjórum þrepunum en einungis 2,5% þeirra sem eru með há laun. Að sama skapi eru konur með há laun hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig vera í efstu þremur þrepunum (27,9%) á meðan 9,7% kvenna með meðalhá laun og 7,3% kvenna með lág laun telja slíkt hið sama.

Þegar huglægt mat á stétt er greint eftir efnahagsstétt sést svipað mynstur. Konur í verkastétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig vera í neðstu fjórum þrepunum (20,9%) á meðan 17,1% kvenna í millistétt og 4,3% kvenna í fastlaunastétt telja slíkt hið sama. Að sama

skapi eru konur í fastlaunastétt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig vera í efstu þremur þrepunum (21,1%) á meðan 10,2% kvenna í verkastétt og 8,5% kvenna í millistétt telja slíkt hið sama.

**Tafla 29.** Huglægt mat á eigin staðsetningu í þjóðfélagsstiganum, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Neðst (1)	2	3	4	5	6	7	8	9	Efst (10)
<b>Menntun</b> *** (N = 1158)										
Grunnskólapróf eða sambærilegt	2,8%	2,3%	8,9%	13,1%	33,8%	18,8%	13,6%	6,1%	0,0%	0,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	1,3%	3,2%	3,9%	9,1%	40,3%	19,5%	17,5%	5,2%	0,0%	0,0%
Stúdentspróf	1,5%	2,0%	4,0%	10,4%	35,6%	21,3%	13,4%	10,9%	0,0%	1,0%
Háskólapróf	0,8%	0,5%	1,7%	4,2%	19,1%	24,8%	31,4%	14,5%	1,9%	1,2%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1042)										
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	2,9%	2,6%	6,6%	11,3%	32,2%	21,2%	15,9%	6,2%	0,0%	1,1%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	0,3%	1,0%	2,6%	6,1%	29,8%	25,0%	25,5%	8,4%	0,8%	0,5%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	0,0%	0,5%	0,0%	2,0%	12,4%	20,9%	36,3%	22,4%	3,5%	2,0%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1151)										
Verkastétt	2,8%	2,8%	4,5%	10,8%	30,1%	19,9%	18,8%	9,1%	0,0%	1,1%
Millistétt	0,9%	1,4%	5,0%	9,8%	32,4%	22,7%	19,4%	7,6%	0,2%	0,7%
Fastlaunastétt	0,5%	0,0%	1,0%	2,8%	19,9%	23,2%	31,5%	17,6%	2,5%	1,0%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í töflu 30 sést hvernig konurnar staðsetja fjölskylduna sem þær ólust upp í í sama þjóðfélagsstiga, á kvarðanum 1 (botninn) til 10 (toppurinn). Niðurstöðurnar sýna að 33,4% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt telja fjölskyldu sína hafa verið í lægstu fjórum þrepunum. Ögn lægra hlutfall kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi telja einnig að fjölskylda þeirra hafi verið í lægstu fjórum þrepunum, eða 28,1% á meðan 19,8% kvenna með stúdentspróf og 20,5% kvenna með háskólapróf telja slíkt hið sama. Sama hlutfall kvenna með annars vegar iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og hins vegar kvenna með háskólapróf telja fjölskyldu sína hafa verið í efstu þremur þrepunum (16,3%). Af þeim konum sem eru með stúdentspróf telja 15,4% að fjölskylda þeirra hafi verið í efstu þremur þrepunum og 11,8% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt.

Þegar spurningin er greind með tilliti til launa má sjá að hlutfallslega flestar láglaukonur telja fjölskyldu sína hafa verið í neðstu fjórum þrepum þjóðfélagsstigans á uppvaxtarárum sínum (26,1%) en 23,3% kvenna með meðalhá laun og 18,2% kvenna með há laun telja slíkt hið sama.

Sömuleiðis telja hálaunakonur í mestum mæli að fjölskylda þeirra hafi verið í efstu þremur þrepum þjóðfélagsstigans eða 16,2%. Nokkuð svipað hlutfall kvenna með annars vegar meðalhá laun (14,1%) og hins vegar lág laun (14,3%) telja fjölskyldu sína hafa verið í efstu þremur þrepunum.

Séu svörin greind eftir efnahagsstétt kemur í ljós að nokkuð svipað hlutfall kvenna í verkastétt (24%) og kvenna í millistétt (24,5%) telja fjölskyldu sína hafa verið í neðstu fjórum þrepum þjóðfélagsstigans á meðan 21,3% kvenna í fastlaunastétt telja slíkt hið sama. Þegar litið er til þeirra sem telja fjölskyldu sína hafa verið í efstu fjórum þrepunum má sjá að hlutfallslega flestar konur í fastlaunastétt telja svo vera (35,6%), því næst konur í verkastétt (35,4%) og loks konur í millistétt (31%).

**Tafla 30.** Huglægt mat á staðsetningu fjölskyldunnar sem þær ólust upp í, í þjóðfélagsstiganum, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Neðst (1)	2	3	4	5	6	7	8	9	Efst (10)
<b>Menntun</b> *** (N = 1149)										
Grunnskólapróf eða sambærilegt	4,4%	5,4%	11,8%	11,8%	28,9%	14,7%	11,3%	9,3%	2,0%	0,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	2,0%	3,9%	11,1%	11,1%	25,5%	11,8%	18,3%	11,1%	1,3%	3,9%
Stúdentspróf	2,5%	1,5%	6,4%	9,4%	28,7%	20,3%	15,8%	6,9%	4,0%	4,5%
Háskólapróf	0,3%	1,4%	5,5%	13,3%	21,8%	20,1%	21,5%	12,3%	2,6%	1,4%
<b>Launaflokkur</b> (N = 1037)										
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	2,9%	2,7%	8,7%	11,8%	27,4%	18,3%	14,0%	9,6%	2,0%	2,7%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	1,3%	1,8%	7,7%	12,5%	24,5%	18,4%	19,9%	10,5%	1,8%	1,8%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	0,5%	2,0%	5,6%	10,1%	23,2%	18,7%	23,7%	10,6%	5,1%	0,5%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1141)										
Verkastétt	1,1%	2,9%	9,1%	10,9%	23,4%	17,1%	13,7%	9,1%	4,6%	8,0%
Millistétt	2,3%	2,8%	8,6%	10,8%	27,0%	17,5%	16,9%	10,2%	2,5%	1,4%
Fastlaunastétt	0,5%	1,8%	5,1%	13,9%	22,7%	20,5%	21,2%	11,9%	2,0%	0,5%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk										

### 3.6 Líkamleg heilsa

Í könnuninni voru konurnar beðnar um að meta líkamlega heilsu sína auk þess sem þær voru spurðar að því hvort þær hefðu einhvern tímann á síðastliðnum 12 mánuðum leitað sér aðstoðar sökum líkamlegra kvilla. Þær konur sem ekki höfðu leitað sér aðstoðar voru í framhaldinu spurðar að ástæðunni fyrir því að hafa ekki gert það.

Í töflu 31 gefur að líta niðurstöður um sjálfsmetna líkamlega heilsu kvennanna greint eftir menntun, launum og efnahagsstétt. Þegar litið er til líkamlegrar heilsu kvennanna út frá menntun má sjá að konur með háskólapróf eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem meta líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða (75,4%). Því næst koma konur með stúdentspróf (68,7%) og konur með grunnskólapróf eða sambærilegt (55,7%), en hlutfallslega færstar þeirra sem telja heilsu sína mjög góða eða góða eru konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi (52,2%). Að sama skapi eru konur með háskólapróf hlutfallslega færstar í hópi þeirra sem telja heilsu sína slæma eða mjög slæma (4%) á meðan 15% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt og 17% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi telja heilsu sína slæma eða mjög slæma.

Grein eftir launum kemur í ljós nokkuð svipað mynstur en konur með há laun eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja heilsu sína góða eða mjög góða (80,9%) á meðan 71,3% kvenna með meðalhá laun og 58,8% kvenna með lág laun telja slíkt hið sama. Sömuleiðis eru einungis 3% kvenna með há laun sem meta heilsu sína slæma eða mjög slæma á meðan 13,7% láglaunakvenna telja heilsu sína mjög slæma eða slæma.

Þegar litið er til efnahagsstéttar kvennanna má sjá að konur í fastlaunastétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða (74,3%). Að sama skapi eru konur í fastlaunastétt hlutfallslega færstar í hópi þeirra sem telja heilsu sína slæma eða mjög slæma (4,2%) á meðan 8,6% kvenna í millistétt og 12,1% kvenna í verkastétta telja heilsu sína vera slæma eða mjög slæma.

**Tafla 31.** Líkamlegt heilsufar eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Mjög gott	Gott	Sæmilegt	Slæmt	Mjög slæmt
<b>Menntun</b> *** (N = 1197)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	20,7%	35,0%	29,0%	9,7%	5,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	17,0%	35,2%	30,8%	14,5%	2,5%
Stúdentspróf	27,0%	41,7%	24,2%	6,6%	0,5%
Háskólapróf	32,0%	43,4%	20,7%	3,0%	1,0%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1074)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	21,4%	37,4%	27,6%	10,5%	3,2%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	29,9%	41,4%	23,9%	3,5%	1,2%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	35,8%	45,1%	16,2%	2,5%	0,5%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1191)					
Verkastétt	27,5%	42,9%	17,6%	9,9%	2,2%
Millistétt	25,8%	38,2%	27,3%	6,8%	1,8%
Fastlaunastétt	30,8%	43,5%	21,5%	2,2%	2,0%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk					

Tafla 32 sýnir hlutfall þeirra kvenna sem hafa leitað sér aðstoðar vegna líkamlegra kvilla (t.d til lækni eða sjúkrahjálfa) síðastliðna 12 mánuði greint eftir menntun, launum og efnahagsstétt.

Ef litið er til spurningarinnar með tilliti til menntunar má sjá að konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi eru hlutfallega flestar í hópi þeirra sem hafa leitað sér aðstoðar vegna líkamlegra kvilla (71,1%). Þar á eftir koma konur með grunnskólapróf eða sambærilegt en 62% þeirra leituðu sér aðstoðar á síðastliðnu ári á meðan 56,2% kvenna með háskólapróf og 53,1% kvenna með stúdentspróf gerðu slíkt hið sama.

Þegar spurningin er skoðuð út frá launum kemur í ljós að hlutfallslega flestar láglaunakonur hafa leitað sér aðstoðar á síðastliðnum 12 mánuðum (62,6%) en 57,1% kvenna með há laun og 56,8% kvenna með meðalhá laun hafa einnig leitað sér aðstoðar á síðastliðnu ári vegna líkamlegrar heilsu.

Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til efnahagsstéttar kvennanna má sjá að konur í fastlaunastétt eru flestar í hópi þeirra sem hafa leitað sér aðstoðar vegna líkamlegra kvilla síðastliðna 12 mánuði eða 59,7%. Næst á eftir koma konur í millistétt en 58,3% þeirra hafa leitað sér aðstoðar síðastliðið ár á meðan 55,8% kvenna í verkastétt hefur gert slíkt hið sama.

**Tafla 32.** Hafa leitað aðstoðar (t.d. lækni eða sjúkrahjálpara) vegna líkamlegra kvilla á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Já	Nei
<b>Menntun</b> (N = 1197)		
Grunnskólapróf eða sambærilegt	62,0%	38,0%
Iðnnám eða starfstengt nám	71,1%	28,9%
Stúdentspróf	53,1%	46,9%
Háskólapróf	56,2%	43,8%
<b>Launaflokkur</b> (N = 1074)		
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	62,6%	37,4%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	56,8%	43,3%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	57,1%	42,9%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1191)		
Verkastétt	55,8%	44,2%
Millistétt	58,3%	41,7%
Fastlaunastétt	59,7%	40,3%

\*Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Þær konur sem svöruðu því neitandi að þær hefðu leitað sér aðstoðar vegna líkamlegrar heilsu voru í næstu spurningu spurðar hvers vegna þær hefðu ekki leitað eftir aðstoð. Í töflu 33 má sjá niðurstöður spurningarinnar en svarmöguleikarnir voru að þær hefðu ekki þurft þess, tímaleysi, fjárskortur eða eitthvað annað sem þær vildu tilgreina. Svörin eru greind eftir menntun, launum og efnahagsstétt kvennanna.

Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til menntunar má sjá að langsamlega flestar konur nefna að þær hafi ekki þurft að sækja aðstoð. Konur með háskólapróf eru þó hlutfallslega flestar í þeirra hópi (94,1%), en 83,7% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og 83,5% kvenna með stúdentspróf sögðust ekki hafa þurft þess.

Af þeim konum sem segja tímaleysi ástæðu þess að þær neituðu sér um heilbrigðisþjónustu eru hlutfallslega flestar með stúdentspróf eða 12,4%. Næst koma konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi eða 11,6% á meðan 7,8% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt og 4,3% kvenna með háskólapróf nefna tímaleysi sem ástæðu. Fjárskort nefna hins vegar 4,7% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi, 4,1% kvenna með stúdentspróf, 1,6% kvenna með háskólamenntun og 1,3% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt.

Þegar spurningin er skoðuð með tilliti til launa kemur í ljós að láглаunakonur eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem annars vegar nefna tímaleysi (7,1%) og hins vegar fjárskort (5,3%) sem ástæður þess að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu síðastliðið ár. Konur með há laun eru á hinn bóginn hlutfallslega færstar í hópi þeirra sem nefna tímaleysi (3,6%) en engin þeirra nefndi fjárskort sem ástæðu. 6,6% kvenna með meðalhá laun nefndu tímaleysi og 1,2% þeirra nefndu fjárskort.

Þegar spurningin er greind eftir efnahagsstétt sést að konur í millistétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem nefna tímaleysi sem ástæðu á meðan 6,5% kvenna í verkastétt og 3,8% kvenna í fastlaunastétt nefna sömu ástæðu. Hins vegar eru konur í verkastétt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem nefna fjárskort sem ástæðu fyrir því að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu (5,3%) á meðan 1,3% kvenna í millistétt og 0,6% kvenna í fastlaunastétt nefna sömu ástæðu.

**Tafla 33.** Ástæður þess að hafa ekki leitað sér aðstoðar vegna líkamlegra kvilla síðastliðna 12 mánuði, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Hef ekki þurft þess	Tímaleysi	Fjárskortur
<b>Menntun</b> (N = 1197)			
Grunnskólapróf eða sambærilegt	90,9%	7,8%	1,3%
Iðnnám eða starfstengt nám	83,7%	11,6%	4,7%
Stúdentspróf	83,5%	12,4%	4,1%
Háskólapróf	94,1%	4,3%	1,6%
<b>Launaflokkur</b> * (N = 414)			
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	87,6%	7,1%	5,3%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	92,2%	6,6%	1,2%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	96,4%	3,6%	0,0%
<b>Efnahagsstétt</b> ** (N = 469)			
Verkastétt	88,3%	6,5%	5,2%
Millistétt	88,3%	10,4%	1,3%
Fastlaunastétt	95,6%	3,8%	0,6%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

### 3.7 Andleg heilsa

Í könnuninni voru konurnar spurðar ýmissa spurninga er tengjast andlegri líðan þeirra. Konurnar voru meðal annars beðnar um að meta hversu óhamingjusamar eða hamingjusamar þær væru á kvarðanum frá einum upp í tíu þar sem einn stendur fyrir mjög óhamingjusöm og 10 mjög hamingjusöm. Til að meta þunglyndis-, kvíða-, og streitueinkenni kvennanna var stytta útgáfa af DASS sjálfsmatskvarðanum notaður en þær voru svo einnig spurðar að því hvort þær hefðu einhvern tímunn á síðastliðnum 12 mánuðum leitað sér aðstoðar vegna andlegrar vanlíðunar. Þær konur sem ekki höfðu nýtt sér slíka þjónustu voru í framhaldinu spurðar að ástæðunni fyrir því að hafa ekki gert svo. Allar spurningarnar voru greindar með tilliti til menntunar, launa og efnahagsstéttar kvennanna.

Í töflu 34 gefur að líta mat kvennanna á því hversu hamingjusamar eða óhamingjusamar þær telja sig vera á kvarðanum einum til tíu, þar sem einn er mjög óhamingjusöm og tíu er mjög hamingjusöm. Ef litið er til niðurstaðnanna með tilliti til menntunar má sjá að mikill meirihluti kvennanna metur hamingju sína á bilinu átta til tíu. Þó er munur á milli menntunarhópa en sama hlutfall kvenna með stúdentspróf og kvenna með háskólamenntun meta hamingju sína á bilinu átta til tíu (68,5%) á meðan 57,8% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt og 54,7% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldskólastigi meta hana með sama hætti. Konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem meta hamingju sína litla, eða á bilinu einn til þrjú (3,1%), en 2,8% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt, 1,4% kvenna með stúdentspróf og 1,9% kvenna með háskólamenntun meta hamingju sína sömuleiðis á bilinu einn til þrjú.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá launum kemur í ljós að konur með há laun eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem meta hamingju sína á bilinu átta til tíu (73,9%) á meðan 67,9% kvenna með meðalhá laun og 53,6% kvenna með lág laun meta hamingju sína á sama bili. Láglaunakonur eru aftur á móti hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem meta hamingju sína litla eða á bilinu einn til þrjú (3,6%) en 2% kvenna með meðalhá laun og 0,5% kvenna með há laun meta hamingju sína með þeim hætti.

Þegar hamingja er skoðuð út frá efnahagsstétt sést að 73,6% kvenna í fastlaunastétt meta hamingju sína á bilinu átta til tíu á meðan 57,2% kvenna í millistétt og 58,9% kvenna í verkastétt gera slíkt hið sama. Konur í verkastétt eru hins vegar hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem meta



hamingju sína á bilinu einn til þrjár (3,4%) en 3% kvenna í millistétt og 0,4% kvenna í fastlaunastétt meta hamingju sína svo litla.

**Tafla 34.** Hamingja á kvarðanum 1 (mjög óhamingjusöm) - 10 (mjög hamingjusöm), eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
<b>Menntun</b> (N = 1197)										
Grunnskólapróf eða sambærilegt	0,5%	0,0%	2,3%	4,1%	10,1%	7,8%	17,4%	27,1%	16,5%	14,2%
Iðnnám eða starfstengt nám	0,6%	0,0%	2,5%	1,3%	8,8%	9,9%	24,1%	32,1%	14,6%	8,0%
Stúdentspróf	0,0%	0,0%	1,4%	3,8%	6,1%	5,4%	18,9%	36,8%	25,6%	6,1%
Háskólapróf	0,3%	0,5%	1,1%	1,5%	3,8%	5,4%	18,9%	36,8%	25,6%	6,1%
<b>Launaflokkur</b> (N = 1073)										
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	0,4%	0,4%	2,8%	3,2%	9,0%	7,9%	22,6%	28,0%	16,2%	9,4%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	0,5%	0,0%	1,5%	1,7%	4,5%	5,5%	18,4%	38,8%	20,9%	8,2%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	0,0%	0,0%	0,5%	0,5%	2,5%	7,4%	15,3%	33,5%	32,0%	8,4%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1191)										
Verkastétt	0,6%	0,0%	2,8%	3,9%	10,7%	8,4%	14,6%	26,4%	21,3%	11,2%
Millistétt	0,3%	0,5%	2,2%	2,2%	6,6%	9,0%	22,1%	30,2%	16,1%	10,9%
Fastlaunastétt	0,2%	0,0%	0,2%	1,2%	3,2%	3,2%	18,3%	38,6%	29,6%	5,4%
Marktektarpróf voru ekki framkvæmd sökum smæðar sumra flokkanna										

Hér á eftir koma svör kvennanna við DASS21 sjálfsmatskvarðanum. Kvarðinn samanstendur af 21 fullyrðingu, sjö sem mæla þunglyndi, sjö sem mæla kvíða og sjö sem mæla streitu. Í næstu þremur töflum eru birt svör við hverri fullyrðingu, fyrst þeim sem mæla þunglyndi (tafla 35), næst kvíða (tafla 36) og loks streitu (tafla 37). Þar á eftir verða svörin reiknuð saman til að lýsa alvarleikastigi þunglyndis, kvíða og streitueinkenna hjá sverendum (töflur 38 og 39).

Sverendum voru beðnir um að svara hversu oft á skalanum 0-3 þær upplifðu eftirfarandi einkenni í nýliðinni viku, þar sem „0“ stóð fyrir „átti alls ekki við um mig“ en 3 stóð fyrir „átti mjög vel við um mig eða mest allan tímann.“ Í töflu 35 eru birtar niðurstöður fyrir þann fjölda kvenna sem svaraði „3“ eða að þær upplifi þessi einkenni „mest allan tímann“, eða nánast daglega, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

Ef litið er til niðurstaðnanna með tilliti til menntunar má sjá að konur með háskólapróf koma í öllum tilfellum best út. Það er að segja, þær eru síður líklegar en konur með aðra menntun til þess að upplifa þunglyndiseinkenni. Konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á

framhaldsskólastigi eru í flestum tilfellum hlutfallslega líklegastar til þess að upplifa þessi þunglyndiseinkenni sem hér eru mæld. Þó voru konur með grunnskólapróf hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem áttu erfitt með að hleypa í sig krafti til að gera hluti (18,8%) og þeirra sem ekki gátu fengið brennandi áhuga á neinu (7,9%).

Ef niðurstöðurnar eru greindar með tilliti til launa kvennanna kemur í ljós að láglaunakonur fundu í mestum mæli fyrir öllum þeim sjö þunglyndiseinkennum sem spurt var um. Hálaunakonur fundu hlutfallslega minnst fyrir fimm af sjö þunglyndiseinkennum.

Svipaða sögu er að segja þegar litið er til efnahagsstéttar kvenna. Konur í verkastétt fundu í mestum mæli fyrir öllum sjö þunglyndiseinkennum og í öllum tilfellum voru konur í fastlaunastétt ólíklegastar til þess að finna fyrir þessum tilfinningum.

**Tafla 35.** Finna nánast daglega fyrir þunglyndis einkennum, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Ég virtist alls ekki geta fundið fyrir neinum góðum tilfinningum	Mér fannst erfitt að hleypa í mig krafti til að gera hluti	Mér fannst ég ekki geta hlakkað til neins	Ég var döpur og niðurdregin	Ég gat ekki fengið brennandi áhuga á neinu	Mér fannst ég ekki vera mikils virði sem manneskja	Mér fannst lífið vera tilgangslaust
<b>Menntun</b> (N = 1191)							
Grunnskólapróf eða sambærilegt	1,9%	18,8%	6,5%	6,5%	7,9%	3,8%	2,8%
Iðnnám eða starfstengt nám	7,5%	17,0%	7,6%	9,4%	6,3%	8,2%	4,4%
Stúdentspróf	3,8%	12,2%	6,6%	9,5%	4,8%	5,7%	2,4%
Háskólapróf	2,0%	7,3%	3,3%	4,8%	2,5%	1,5%	0,8%
<i>P- gildi</i>	***	***	**	*	**	***	***
<b>Launaflokkur</b> (N = 1069)							
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	5,3%	15,6%	6,8%	9,2%	5,8%	6,0%	2,6%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	1,3%	10,3%	3,3%	6,0%	5,0%	2,0%	1,8%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	2,0%	6,3%	3,4%	3,4%	2,0%	1,0%	1,0%
<i>P- gildi</i>	***	***	***	***	***	***	***
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1185)							
Verkastétt	6,1%	13,8%	7,8%	11,2%	10,1%	7,9%	4,5%
Millistétt	4,0%	12,2%	4,9%	7,2%	4,0%	3,5%	2,0%
Fastlaunastétt	1,0%	8,1%	3,4%	3,7%	2,7%	1,5%	0,7%
<i>P- gildi</i>	***	***	**	**	***	***	***
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk							

Tafla 36 sýnir hlutfall kvenna sem í vikunni á undan höfðu nær daglega fundið fyrir neikvæðum andlegum einkennum sem tengjast kvíða, greint eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt kvennanna.

Ef litið er til niðurstaðnanna með tilliti til menntunar má sjá að konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi fundu í mestum mæli fyrir sex af þeim sjö kvíðaeinkennum sem spurt var um. Konur með grunnskólapróf voru aftur á móti hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem voru áhyggjufullar yfir aðstæðum þar sem þær gætu fengið hræðslukast (panik) og gert sig að fífla (6,1%).

Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá launum kemur í ljós að láglaunakonur fundu í mestum mæli fyrir öllum þeim sjö kvíðaeinkennum sem spurt var um. Í flestum tilfellum var lítill munur á svörum kvenna með meðalhá laun og há laun.

Þegar litið er til niðurstaðnanna með tilliti til efnahagsstéttar kvennanna má sjá svipað mynstur og með launin en konur í verkastétt fundu í mestum mæli fyrir öllum þeim sjö kvíðaeinkennum sem spurt var um, að tveimur einkennum undanskildum (áhyggjur af því að fá hræðslukast og að finna fyrir ótta án ástæðu) þar sem hlutfall kvenna í verkastétt og millistétt er jafnt.

**Tafla 36.** Finna nánast daglega fyrir kvíða einkennum, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Ég fann fyrir munþurrki	Ég átti í erfiðleikum með að anda	Ég fann fyrir skjálfta	Ég hafði áhyggjur af aðstæðum þar sem ég fengi hræðslukast og gerði mig að fífla	Mér fannst ég nánast gripin skelfingu	Ég varð vör við hjartsláttinn í mér þó ég hefði ekki reynt á mig	Ég fann fyrir ótta án nokkurrar skynsamlegrar ástæðu
<b>Menntun</b> (N = 1191)							
Grunnskólapróf eða sambærilegt	9,3%	5,1%	6,5%	6,1%	1,9%	10,3%	6,0%
Iðnnám eða starfstengt nám	14,5%	10,6%	8,2%	5,6%	4,4%	12,7%	6,9%
Stúdentspróf	7,2%	1,9%	2,4%	5,2%	1,4%	9,6%	2,8%
Háskólapróf	6,3%	2,1%	1,5%	2,0%	0,5%	4,0%	2,0%
<i>P- gildi</i>	***	***	***	***	*	***	***
<b>Launaflokkur</b> (N = 1070)							
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	10,9%	7,0%	3,8%	5,5%	2,1%	9,4%	5,3%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	7,4%	1,3%	3,3%	2,5%	1,0%	6,3%	2,0%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	5,4%	2,0%	1,5%	2,4%	1,0%	4,9%	2,0%
<i>P- gildi</i>	***	***	***	***	*	**	***
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1185)							
Verkastétt	12,4%	7,2%	8,3%	5,0%	2,2%	10,7%	4,5%
Millistétt	8,1%	4,2%	3,9%	5,0%	1,5%	8,4%	4,5%
Fastlaunastétt	5,2%	1,5%	1,2%	1,0%	1,2%	3,9%	2,2%
<i>P- gildi</i>	**	***	***	***	***	*	***

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í töflu 37 gefur að líta hlutfall kvenna sem í vikunni á undan höfðu nær daglega fundið fyrir neikvæðum andlegum einkennum sem tengjast streitu, greint eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt kvennanna.

Ef litið er til niðurstaðnanna með tilliti til menntunar má sjá að konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi finna í mestum mæli fyrir fimm af þeim sjö streitueinkennum sem spurt var um. Konur með grunnskólapróf eru aftur á móti hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem svöruðu að þær þyldu ekki þegar eitthvað kæmi í veg fyrir að þær gætu haldið áfram við það sem þær væru að gera (8,4%) og konur með stúdentspróf voru líklegastar til þess að finnast erfitt að slappa af.

Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá launum kvennanna kemur í ljós að láglaunakonur fundu í mestum mæli fyrir öllum þeim sjö streitueinkennum sem spurt var um. Konur með há laun voru ólíklegastar til þess að upplifa fimm af sjö streitueinkennum en undantekningarnar voru að þeim fannst erfitt að ná sér niður og þær voru frekar hörundsárar en þær eru hlutfallslega líklegri til þess að upplifa það en konur með meðalhá laun.

Þegar litið er til niðurstaðnanna með tilliti til efnahagsstéttar kvennanna má sjá svipað mynstur og með launin en konur í verkastétt fundu í mestum mæli fyrir öllum þeim sjö streitueinkennum sem spurt var um og konur í fastlaunastétt fundu í öllum tilfellum minnst fyrir þessum einkennum.

**Tafla 37.** Finna nánast daglega fyrir streitu einkennum, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Mér fannst erfitt að ná mér niður	Ég hafði tilhneigingu til að bregðast of harkalega við aðstæðum	Mér fannst ég eyða mikilli andlegri orku	Ég var ergileg	Mér fannst erfitt að slappa af	Ég þoldi ekki þegar eitthvað kom í veg fyrir að ég héldi áfram við það sem ég var að gera	Mér fannst ég frekar hörundsár
<b>Menntun</b> (N = 1190)							
Grunnskólapróf eða sambærilegt	9,8%	5,6%	16,3%	4,2%	10,8%	8,4%	6,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	13,2%	11,3%	18,1%	7,5%	11,3%	8,2%	11,9%
Stúdentspróf	6,7%	9,0%	15,6%	4,7%	12,4%	6,2%	7,2%
Háskólapróf	6,9%	4,6%	14,9%	3,8%	8,6%	4,6%	3,0%
<i>P- gildi</i>		**	*	***	**	***	***
<b>Launaflokkur</b> (N = 1069)							
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	10,0%	8,8%	18,7%	5,1%	10,7%	9,0%	9,4%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	6,8%	6,8%	13,9%	4,8%	10,1%	5,0%	3,0%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	8,3%	2,5%	11,3%	2,5%	6,9%	3,9%	3,4%
<i>P- gildi</i>		**		***	*	**	***
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1185)							
Verkastétt	15,6%	11,7%	18,2%	9,0%	11,7%	8,4%	9,5%
Millistétt	7,4%	8,0%	15,5%	4,3%	9,9%	5,5%	6,0%
Fastlaunastétt	6,4%	2,2%	13,8%	2,9%	9,3%	5,4%	2,9%
<i>P- gildi</i>	***	***	***	***			***
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk							

Í töflu 38 hafa þunglyndiseinkennin sem tilgreind eru í töflu 35 verið reiknuð saman, þar sem ákveðinn stigafjöldi gefur vísbendingu um alvarleikastig þeirra. Ef litið er til alvarleikastigs þunglyndiseinkennanna eftir menntun kvennanna sést að konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem búa við alvarleg og mjög alvarleg þunglyndiseinkenni (19,1%) á móti 13,9% þeirra með grunnskólapróf eða sambærilegt, 12,3% þeirra með stúdentspróf og 7,4% þeirra með háskólamenntun. Að sama skapi eru konur með háskólapróf hlutfallslega flestar sem mælast ekki með þunglyndi miðað við DASS21 kvarðann.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá launum kvennanna kemur í ljós að láglaunakonur eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem búa við alvarleg og mjög alvarleg þunglyndiseinkenni (16,6%) á móti 8,2% kvenna með meðalhá laun og 6% þeirra með há laun. Að sama skapi eru konur með há laun hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem mælast ekki með þunglyndi (84,7%), á meðan það sama á við um 72% þeirra með meðalhá laun og 60,6% þeirra með lág laun.

Greint út frá efnahagsstétt kvennanna kemur í ljós að konur í verkastétt eru í mestum mæli þær sem mælast með alvarleg eða mjög alvarleg þunglyndiseinkenni (18,1%) á móti 12,4% kvenna í millistétt og 6,7% kvenna í fastlaunastétt. Eins eru konur í fastlaunastétt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem ekki mælast með þunglyndi (77,4%).

**Tafla 38.** Klínískt þunglyndi eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Eðlilegt	Vægt	Miðlungs	Alvarlegt	Mjög alvarlegt
<b>Menntun</b> *** (N = 1173)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	62,7%	10,0%	13,4%	6,2%	7,7%
Iðnnám eða starfstengt nám	66,2%	5,7%	8,9%	10,8%	8,3%
Stúdentspróf	63,8%	8,6%	15,2%	7,1%	5,2%
Háskólapróf	76,3%	7,7%	8,7%	3,2%	4,2%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1054)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	60,6%	10,6%	12,1%	8,2%	8,4%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	72,0%	7,9%	12,0%	4,6%	3,6%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	84,7%	4,5%	5,0%	2,5%	3,5%
<b>Efnahagsstétt</b> ** (N = 1167)					
Verkastétt	62,7%	9,0%	10,2%	8,5%	9,6%
Millistétt	67,0%	8,3%	12,4%	6,1%	6,3%
Fastlaunastétt	77,4%	7,2%	8,7%	3,7%	3,0%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk



Í töflu 39 hafa kvíðaeinkennin sem tilgreind eru í töflu 35 verið reiknuð saman, þar sem ákveðinn stigafjöldi gefur vísbendingu um alvarleikastig þeirra. Ef litið er til alvarleikastigs kvíðaeinkennanna eftir menntun kvennanna má sjá að konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem finna fyrir alvarlegum og mjög alvarlegum kvíðaeinkennum (22%) á móti 16,1% þeirra með grunnskólapróf eða sambærilegt, 18,5% þeirra með stúdentspróf og 8,2% þeirra með háskólamenntun. Að sama skapi eru konur með háskólamenntun líklegastar til að finna engin einkenni kvíða (77,8%) á móti 70,6% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt, 61% þeirra með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og 61,5% þeirra með stúdentspróf.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá launum kvennanna kemur í ljós að láglaunakonur eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem finna fyrir alvarlegum og mjög alvarlegum kvíðaeinkennum (19,3%) á móti 12,1% kvenna með meðalhá laun og 5,4% þeirra með há laun. Að sama skapi eru konur með há laun hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem mælast ekki með nein kvíðaeinkenni (82,8%), á meðan það sama á við um 75,1% þeirra með meðalhá laun og 61,5% þeirra með lág laun.

Greint út frá efnahagsstétt sést að konur í verkastétt eru líklegastar til að mælast með alvarleg eða mjög alvarleg kvíðaeinkenni (23,3%) á móti 14,5% kvenna í millistétt og 6,4% kvenna í fastlaunastétt. Eins eru konur í fastlaunastétt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem ekki mælast með nein kvíðaeinkenni (79,2%).

**Tafla 39.** Klínískur kvíði eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Eðlilegur	Vægur	Miðlungs	Alvarlegur	Mjög alvarlegur
<b>Menntun</b> *** (N = 1172)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	70,6%	1,9%	11,4%	5,7%	10,4%
Iðnnám eða starfstengt nám	61,0%	5,0%	11,9%	7,5%	14,5%
Stúdentspróf	60,5%	5,9%	15,1%	11,2%	7,3%
Háskólapróf	77,8%	4,0%	10,0%	4,7%	3,5%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1055)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	61,5%	4,1%	15,2%	9,1%	10,2%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	75,1%	3,6%	9,3%	6,7%	5,4%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	82,8%	3,4%	8,3%	2,5%	2,9%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1166)					
Verkastétt	63,6%	4,5%	8,5%	11,9%	11,4%
Millistétt	68,5%	3,8%	13,2%	5,8%	8,7%
Fastlaunastétt	79,2%	3,7%	10,7%	5,2%	1,2%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í töflu 40 hafa streitueinkennin sem tilgreind eru í töflu 36 verið reiknuð saman, þar sem ákveðinn stigafjöldi gefur vísbendingu um alvarleikastig þeirra. Ef litið er til alvarleikastigs streitueinkennanna eftir menntun má sjá að konur með stúdentspróf eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem búa við alvarleg og mjög alvarleg streitueinkenni (22%) á móti 15,5% þeirra með grunnskólapróf eða sambærilegt, 17,1% þeirra með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og 13,2% þeirra með háskólamenntun. Að sama skapi eru konur með háskólamenntun ólíklegastar til að mælast með streitueinkenni (62,2%) á móti 59,2% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt, 57% þeirra með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og 53,1% þeirra með stúdentspróf.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá launum kemur í ljós að láglaunakonur eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem búa við alvarleg og mjög alvarleg streitueinkenni (20,6%) á móti 13,7% kvenna með meðalhá laun og 8,4% þeirra með há laun. Að sama skapi eru konur með há laun hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem mælast ekki með nein streitueinkenni (71,3%), á meðan það sama á við um 62% þeirra með meðalhá laun og 51,1% þeirra með lág laun.

Greint út frá efnahagsstétt kvennanna kemur í ljós að konur í verkastétt eru í mestum mæli þær sem mælast með alvarleg eða mjög alvarleg streitueinkenni (20,9%) á móti 16,4% kvenna í millistétt og 12,1% kvenna í fastlaunastétt. Eins eru konur í fastlaunastétt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem ekki mælast með nein streitueinkenni (62,3%).

**Tafla 40.** Klínísk streita eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Eðlilegt	Vægt	Miðlungs	Alvarlegt	Mjög alvarlegt
<b>Menntun</b> ** (N = 1176)					
Grunnskólapróf eða sambærilegt	59,2%	9,9%	15,5%	7,5%	8,0%
Iðnnám eða starfstengt nám	57,0%	10,1%	15,8%	8,9%	8,2%
Stúdentspróf	53,1%	13,4%	11,5%	15,3%	6,7%
Háskólapróf	62,2%	15,5%	9,2%	7,0%	6,2%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1058)					
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	51,1%	13,9%	14,4%	12,0%	8,6%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	62,0%	14,0%	10,2%	7,1%	6,6%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	71,3%	12,4%	7,9%	5,4%	3,0%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1171)					
Verkastétt	57,6%	10,7%	10,7%	10,2%	10,7%
Millistétt	57,6%	13,0%	13,0%	9,1%	7,3%
Fastlaunastétt	62,3%	15,4%	10,2%	7,9%	4,2%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 41 sýnir hlutfall þeirra kvenna sem hafa leitað sér aðstoðar vegna andlegrar líðanar síðastliðna 12 mánuði, greint eftir menntun, launum og efnahagsstétt. Konur með háskólapróf eru líklegastar til þess að hafa leitað sér aðstoðar vegna andlegrar líðanar (34,4%). Þegar litið er til hlutfalls kvenna sem hafa leitað sér aðstoðar vegna andlegrar líðanar eftir launum sést að konur með lág laun eru líklegri til að hafa leitað sér aðstoðar vegna andlegrar líðanar (38,1%), en konur með meðalhá laun (28,1%), og konur með há laun (30,9%).

Þegar spurningin er svo skoðuð með tilliti til efnahagsstéttar sést að konur í fastlaunastétt eru líklegastar til þess að hafa leitað sér aðstoðar (34,1%) en 31,6% kvenna í millistétt og 24,3% kvenna í verkastétt hafa gert slíkt hið sama.

**Tafla 41.** Hlutfall kvenna sem hafa leitað aðstoðar vegna andlegrar líðanar síðustu 12 mánuði, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Já	Nei
<b>Menntun</b> (N = 1198)		
Grunnskólapróf eða sambærilegt	29,5%	70,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	23,9%	76,1%
Stúdentspróf	32,7%	67,3%
Háskólapróf	34,4%	65,6%
<b>Launaflokkur</b> ** (N = 1075)		
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	38,1%	61,9%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	28,1%	71,9%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	30,9%	69,1%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1191)		
Verkastétt	24,3%	75,7%
Millistétt	31,6%	68,4%
Fastlaunastétt	34,1%	65,9%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk		

Þær konur sem sögðust ekki hafa leitað sér aðstoðar vegna andlegrar líðanar síðustu 12 mánuði voru beðnar um að merkja við ástæðu þess. Meðal svarmöguleika voru vegna þess að þær hefðu ekki þurft þess, vegna tímaleysis og vegna fjárskorts (sjá töflu 39).

Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til menntunar má sjá að langsamlega flestar konurnar nefna að þær hafi ekki þurft að sækja aðstoð eins og sést í töflu 42. Konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem svara að þær hafi ekki þurft að leita aðstoðar (93,9%) á móti 93,1% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt, 83,7% með stúdentspróf og 90,5% með háskólamenntun.

Af þeim konum sem nefna tímaleysi sem ástæðu fyrir því að hafa neitað sér um geðheilbrigðisþjónustu eru hlutfallslega flestar með stúdentspróf eða 8,5%. Næst koma konur með háskólamenntun eða 5% á meðan 3,5% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt og 3,5% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi nefna tímaleysi sem ástæðu. Fjárskort nefna hins vegar 7,8% kvenna með stúdentspróf, 3,5% með grunnskólapróf eða sambærilegt, 2,6% með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og 4,5% kvenna með háskólamenntun.

Þegar spurningin er skoðuð með tilliti til launa kemur í ljós að lágláunakonur eru hlutfallslega flestar hópi þeirra sem annars vegar nefna tímaleysi 5,6% og hins vegar fjárskort

8,2% sem ástæður þess að hafa neitað sér um geðheilbrigðisþjónustu síðastliðið ár. Konur með há laun eru á hinn bóginn hlutfallslega færstar í hópi þeirra sem nefna tímaleysi (4,5%) en engin þeirra nefndi fjárskort sem ástæðu.

Þegar spurningin er greind eftir efnahagsstétt kemur í ljós að konur í millistétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem tímaleysi (6,3%) og fjárskort (6%) sem ástæður þess að hafa neitað sér um geðheilbrigðisþjónustu síðastliðið ár.

**Tafla 42.** Ástæða þess að hafa ekki leitað sér aðstoðar vegna andlegrar líðanar, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Ekki þörf	Tímaleysi	Fjárskortur
<b>Menntun</b> (N = 777)			
Grunnskólapróf eða sambærilegt	93,1%	3,5%	3,5%
Iðnnám eða starfstengt nám	93,9%	3,5%	2,6%
Stúdentspróf	83,7%	8,5%	7,8%
Háskólapróf	90,5%	5,0%	4,5%
<b>Launaflokkur</b> ** (N = 688)			
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	86,2%	5,6%	8,2%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	90,5%	5,5%	4,0%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	95,5%	4,5%	0,0%
<b>Efnahagsstétt</b> * (N = 780)			
Verkastétt	93,0%	2,3%	4,7%
Millistétt	87,8%	6,3%	6,0%
Fastlaunastétt	94,1%	4,7%	1,2%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

### 3.8 Félagsleg staða

Í könnuninni voru konurnar spurðar út í félagslega stöðu sína og bakland. Þær voru meðal annars spurðar að því hversu mörgum einstaklingum, utan þeirra sem þær byggju með á heimili, þær væru nákomnar, liði vel með eða gætu leitað aðstoðar hjá. Einnig var spurt að því hvort fjárhagsstaða þeirra einstaklinga sem þær teldu sig geta leitað til væri betri, svipuð eða verri en þeirra eigin og til hversu margra einstaklinga þær gætu leitað ef þær þyrftu skyndilega á hóflegri peningaupphæð að halda. Að lokum voru þær konur sem eru með börn á framfæri spurðar að því hvort þær hefðu einhvern í baklandi sínu sem þær teldu sig geta beðið um að gæta barna sinna í einn til tvo daga ef þyrfti. Allar spurningarnar voru greindar með tilliti til menntunar, launa og efnahagsstéttar.

Tafla 43 sýnir niðurstöður yfir fjölda þeirra einstaklinga sem konurnar telja sig vera nánar að undanskildum þeim sem búa á heimilinu. Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til menntunar má sjá að langflestar konur með háskólapróf (78,9%) segjast vera nánar fimm eða fleiri einstaklingum utan heimilis, miðað við 66% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi, 63,5% kvenna með stúdentspróf, og 63,8% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt. Konur með stúdentspróf og konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem segjast ekki nánar neinum (1,4% og 1,3%).

Þegar spurningin er skoðuð út frá launum má sjá að konur með há laun eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig nánar fimm eða fleiri einstaklingum utan heimilis eða 81,5% á meðan 78,6% kvenna með meðalhá laun og 61,8% láglaunakvenna telja slíkt hið sama. Að sama skapi eru láglaunakonur hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem segjast ekki nánar neinum utan þeirra sem þær búa með á heimili (1,3%).

Þegar spurningin er greind eftir efnahagsstétt sést að konur í fastlaunastétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem eiga fimm eða fleiri manns sem þær eru nánar að undanskildum þeim sem búa á sama heimili eða 81,4%. Því næst koma konur í millistétt en 70,3% þeirra telja sig vera nánar fimm eða fleiri og það sama á við um 53,8% kvenna í verkastétt. Að sama skapi eru hlutfallslega flestar í hópi kvenna í verkastétt (2,2%) sem segjast ekki nánar neinum utan heimilis.

**Tafla 43.** Náin hversu mörgum fyrir utan heimilisfólk, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Engum	Einum eða tveimur	Þremur eða fjórum	Fimm eða fleiri
<b>Menntun</b> *** (N = 1195)				
Grunnskólapróf eða sambærilegt	0,5%	11,9%	23,9%	63,8%
Iðnnám eða starfstengt nám	1,3%	13,8%	18,9%	66,0%
Stúdentspróf	1,4%	10,9%	24,2%	63,5%
Háskólapróf	0,5%	5,7%	14,9%	78,9%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1071)				
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	1,3%	12,4%	24,5%	61,8%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	0,5%	6,7%	14,2%	78,6%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	0,0%	5,4%	13,2%	81,5%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1189)				
Verkastétt	2,2%	18,1%	25,8%	53,8%
Millistétt	0,5%	9,7%	19,5%	70,3%
Fastlaunastétt	0,2%	3,2%	15,2%	81,4%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Konurnar voru spurðar hvort að þær teldu að þeir einstaklingar sem þær væru nákomnar væru í verri, svipaðri eða betri efnahagslegri stöðu en þær. Svörin við þeirri spurningu eru birt í töflu 44 og eru niðurstöður greindar með tilliti til menntunar, launa og efnahagsstéttar kvennanna.

Ef spurningin er skoðuð út frá menntun má sjá að langflestar konurnar, óháð menntunarstigi, telja félagslega stöðu sinna nánustu vera svipaða þeirra eigin. Mjög svipað hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt (22,7%), kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldskólastigi (22,6%) og kvenna með stúdentspróf (22,7%) telja félagslega stöðu sinna nánustu vera betri en sína eigin en nokkuð lægra hlutfall kvenna með háskólapróf (12,5%) telur slíkt hið sama.

Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til launa kvennanna má sjá að láglaunakonur eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja félagslega stöðu sinna nánustu vera betri en sína eigin (25,1%) en hlutfallslega færstar konur með há laun (5%) telja svo vera. Að sama skapi eru konur með há laun hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja félagslega stöðu sinna nánustu vera verri en sína eigin (10,6%) á meðan 5,7% kvenna með lág laun og 5,6% kvenna með meðalhá laun telja slíkt hið sama.

Þegar spurningin er greind með tilliti til efnahagsstéttar kvennanna kemur í ljós að konur í verkastétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja félagslega stöðu sinnar nánustu vera betri

en sína eigin (28,3%) á meðan 18,2% kvenna í millistétt og 10,1% kvenna í fastlaunastétt telja slíkt hið sama. Hins vegar eru konur í verkastétt einnig hlutfallslega flestar í hóp þeirra sem telja félagslega stöðu sinna nánustu vera verri en sína eigin (8,4%).

**Tafla 44.** *Fjárhagsstaða einstaklinganna sem konurnar eru nánar betri, svipuð eða verri en eigin staða, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.*

	Verri	Svipuð	Betri
<b>Menntun</b> *** (N = 1120)			
Grunnskólapróf eða sambærilegt	3,3%	73,9%	22,7%
Iðnnám eða starfstengt nám	5,5%	71,9%	22,6%
Stúdentspróf	8,3%	71,0%	20,7%
Háskólapróf	7,6%	79,9%	12,5%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1006)			
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	5,7%	69,2%	25,1%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	5,6%	79,5%	14,9%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	10,6%	84,4%	5,0%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1114)			
Verkastétt	8,4%	63,3%	28,3%
Millistétt	6,1%	75,6%	18,2%
Fastlaunastétt	6,5%	83,4%	10,1%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Í töflu 45 sést til hversu margra einstaklinga, utan heimilis, konurnar telja sig geta leitað ef þær þyrftu skyndilega peningaupphæð sem samsvaraði um það bil viku launum. Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til menntunar má sjá að konur með háskólapróf eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig eiga fimm eða fleiri manns að sem þær gætu leitað til (28,2%). Þar á eftir koma konur með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi, en 26% þeirra telja sig eiga fimm eða fleiri að sem þær gætu leitað til meðan 22,9% kvenna með stúdentspróf og 19,2% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt telja sig geta leitað til fimm eða fleiri einstaklinga eftir aðstoð. Að sama skapi eru konur með grunnskólapróf eða sambærilegt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem ættu engan til að leita til í þeirri stöðu en hlutfallslega færstar konur með háskólapróf (5,5%) telja sig ekki hafa neinn til að leita til.

Ef spurningin er skoðuð út frá launum kvennanna kemur í ljós að konur með há laun eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig eiga fimm eða fleiri manns að sem gætu aðstoðað þær fjárhagslega (39,5%) en láglaunakonur eru hlutfallslega færstar í þeim hópi (16,6%). Að sama



skapi eru láglaunakonur hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem ættu engan til að leita til (9,6%) á meðan 6,9% kvenna með meðalhá laun og 4,5% kvenna með há laun eru í sömu stöðu.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til efnahagsstéttar kvennanna kemur í ljós að konur í fastlaunastétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig eiga fimm eða fleiri manns að sem gætu aðstoðað með þessum hætti (27,3%) á meðan 26% kvenna í millistétt og 19,2% kvenna í verkastétt eiga svo marga að. Sömuleiðis eru konur í verkastétt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem ættu engan í þeirri stöðu að geta aðstoðað þær um hóflega peningaupphæð (10,2%) á meðan 9% kvenna í millistétt og 4% kvenna í fastlaunastétt eru í sömu stöðu.

**Tafla 45.** Fjöldi einstaklinga sem hægt er að leita til (utan heimilisfólks) ef skyndilega vantaði hóflega peningaupphæð (sem samsvarar u.þ.b. viku launum), eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Engra	Eins eða tveggja einstaklinga	Þriggja eða fjögurra einstaklinga	Fimm eða fleiri einstaklinga
<b>Menntun</b> *** (N = 1161)				
Grunnskólapróf eða sambærilegt	12,3%	45,3%	23,2%	19,2%
Iðnnám eða starfstengt nám	11,0%	35,7%	27,3%	26,0%
Stúdentspróf	6,8%	40,5%	29,8%	22,9%
Háskólapróf	5,5%	32,0%	34,3%	28,2%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 1046)				
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	9,6%	45,5%	28,3%	16,6%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	6,9%	31,4%	32,9%	28,8%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	4,5%	24,0%	32,0%	39,5%
<b>Efnahagsstétt</b> *** (N = 1151)				
Verkastétt	10,2%	45,8%	24,9%	19,2%
Millistétt	9,0%	35,4%	29,6%	26,0%
Fastlaunastétt	4,0%	33,6%	35,1%	27,3%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Konurnar voru því næst spurðar hversu margir af þeim einstaklingum sem þær teldu sig geta leitað til ef þær vantaði hóflega peningaupphæð væru í aðstöðu til að geta útvegað þessa peninga. Í töflu 46 eru niðurstöður þeirrar spurningar teknar saman eftir menntun, launum og efnahagsstétt kvennanna.

Óháð menntunarstigi eiga flestar einn til tvo einstaklinga í sínu baklandi sem væru í aðstöðu til að veita þeim peningalán ef þyrfti en næst algengast er að þær eigi þrjá til fjóra slíka einstaklinga í sínu baklandi. Háskólamenntaðar konur eru hlutfallslega flestar í þeim hópi sem telja sig eiga

fimm eða fleiri einstaklinga að í sínu baklandi sem hefðu fjárhagsleg tök á að veita þeim peningalán (24,7%). Konur með grunnskólapróf eða sambærilegt eru ólíklegastar til að eiga fimm eða fleiri að sem gætu útvegað slíka peningaupphæð (18,4%). Nokkuð svipað hlutfall kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt (2,8%), kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi (2,9%) og kvenna með stúdentspróf (2,6%) ættu aftur á móti engan að í þeirri aðstöðu að geta veitt þeim peningalán á meðan lægra hlutfall kvenna með háskólapróf (1,1%) eru í þeirri stöðu.

Þegar spurningin er skoðuð út frá launum kvennanna kemur í ljós að konur með há laun eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig eiga fimm eða fleiri einstaklinga að sem hefðu fjárhagsleg tök á að veita þeim peningalán (34,9%) á meðan 24,7% kvenna með meðalhá laun og 14,7% kvenna með lág laun telja sig eiga svo marga að. Að sama skapi eru láglaunakonur hlutfallslega flestar í þeim hópi þeirra sem hefðu engan í þeirri stöðu að geta veitt þeim peningalán ef þyrfti við (1,9%) á meðan 1,7% kvenna með meðalhá laun og 0,5% kvenna með há laun eru í sömu stöðu.

Þegar niðurstöðurnar eru greindar út frá efnahagsstétt kvennanna kemur í ljós að konur í fastlaunastétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig eiga fimm eða fleiri einstaklinga að í sínu baklandi sem hefðu fjárhagsleg tök á að veita þeim peningalán (24%) á meðan 22,9% kvenna með meðalhá laun og 18,4% kvenna með lág laun telja sig eiga svo marga að. Hins vegar eru konur í millistétt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem hefðu engan í þeirri stöðu að geta veitt þeim peningalán ef þyrfti við (2,7%) á meðan 1% kvenna í fastlaunastétt og 0,6% kvenna í verkastétt eru í sömu stöðu.

**Tafla 46.** Hversu margir þeirra einstaklinga sem hægt er að leita til eru í aðstöðu til að veita peningalán, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Enginn	Einn eða tveir einstaklingar	Þrír eða fjórir einstaklingar	Fimm eða fleiri einstaklingar
<b>Menntun</b> ** (N = 1072)				
Grunnskólapróf eða sambærilegt	2,8%	54,7%	24,0%	18,4%
Iðnnám eða starfstengt nám	2,9%	42,3%	30,7%	24,1%
Stúdentspróf	2,6%	45,5%	33,3%	18,5%
Háskólapróf	1,1%	37,9%	36,3%	24,7%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 965)				
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	1,9%	54,8%	28,5%	14,7%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	1,7%	36,8%	36,8%	24,7%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	0,5%	31,3%	33,3%	34,9%
<b>Efnahagsstétt</b> * (N = 1064)				
Verkastétt	0,6%	54,4%	26,6%	18,4%
Millistétt	2,7%	41,3%	33,1%	22,9%
Fastlaunastétt	1,0%	39,2%	35,8%	24,0%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk				

Tafla 47 sýnir niðurstöður mats kvennanna á því hver fjárhagsstaða þeirra einstaklinga sem þær telja sig geta fengið fjárhagsaðstoð frá sé í samanburði við þeirra eigin. Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til menntunar kvennanna má sjá að rúmlega helmingur kvenna (55,1%) með grunnskólapróf eða sambærilegt telja að fjárhagsstaða þeirra einstaklinga sem þær telja sig geta leitað til sé betri en þeirra eigin. 42,2% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi, 46,5% kvenna með stúdentspróf og 44,7% kvenna með háskólapróf segja slíkt hið sama. Aftur á móti nefnir rúmlega helmingur kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi (54,8%) og kvenna með háskólapróf (52,5%) að fjárhagsstaða þeirrar nánustu sé svipuð þeirra eigin. Það sama segja 49,2% kvenna með stúdentspróf og 42,7% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt.

Þegar litið er til niðurstaðnanna með tilliti til launa kemur í ljós að rúmlega helmingur láglaunakvenna (54,8%) telur fjárhagsstöðu þeirra sem þær telja sig geta leitað til vera betri en þeirra eigin á meðan 47,8% kvenna með meðalhá laun og 33,3% kvenna með há laun telja slíkt hið sama. Á hinn bóginn telja hlutfallslega flestar konur með há laun fjárhagsstöðu sinna nánustu vera svipaða þeirra eigin (60,4%) á meðan 50,6% kvenna með meðalhá laun og 42,8% kvenna með lág laun telja slíkt hið sama. Konur með há laun eru einnig hlutfallslega flestar í hópi þeirra

sem telja fjárhagsstöðu sinna nánustu vera verri en þeirra eigin (6,3%) á meðan 1,7% kvenna með meðalhá laun og 2,4% kvenna með lág laun telja slíkt hið sama.

Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá efnahagsstétt má sjá að rúmlega helmingur kvenna í verkastétt (50,3%) telur fjárhagstöðu þeirra sem þær gætu leitað til vera betri en þeirra eigin en 47,1% kvenna í millistétt og 45% kvenna í fastlaunastétt meta fjárhagstöðu þeirra sem þær telja sig geta leitað til vera betri en þeirra eigin. 52,4% kvenna í fastlaunastétt, 50,8% kvenna í millistétt og 44,5% kvenna í verkastétt telja að fjárhagstaða þeirra einstaklinga sem þær telja sig geta leitað til vera svipuð og þeirra eigin.

**Tafla 47.** Fjárhagsstaða þeirra sem hægt er að leita til betri, svipuð eða verri, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Verri	Svipuð	Betri
<b>Menntun</b> (N = 1065)			
Grunnskólapróf eða sambærilegt	2,2%	42,7%	55,1%
Iðnnám eða starfstengt nám	3,0%	54,8%	42,2%
Stúdentspróf	4,3%	49,2%	46,5%
Háskólapróf	2,8%	52,5%	44,7%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 960)			
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	2,4%	42,8%	54,8%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	1,7%	50,6%	47,8%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	6,3%	60,4%	33,3%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1057)			
Verkastétt	5,2%	44,5%	50,3%
Millistétt	2,1%	50,8%	47,1%
Fastlaunastétt	2,6%	52,4%	45,0%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Loks voru þær konur í könnuninni sem eru með börn á framfæri spurðar hvort að þær gætu leitað til einhvers (vinar, fjölskyldumeðlims eða nágranna) ef þær þyrftu óvænt að fara í burtu í einn til tvo daga og vantaði einhvern til að gæta barna þeirra á meðan (tafla 48). Ef litið er til spurningarinnar með tilliti til menntunar má sjá að meirihluti kvennanna telja sig geta fengið pössun með vissu, þó eru konur með háskólapróf hlutfallslega flestar sem telja svo vera (88,2%). Þegar teknir hafa verið saman þeir hópar kvenna sem telja sig með vissu geta fengið pössun og þeirra sem finnst það líklegt að þær fá pössun má sjá að 95,4% kvenna með háskólapróf falla í þann hóp. Sömuleiðis falla 91,7% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt, 91% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og 90,2% kvenna með stúdentspróf í

þann hóp. Háskólamenntaðar konur eru hlutfallslega færstar í þeim hópi sem telja sig ekki eða líklega ekki geta fengið slíka pössun (4,7%) á móti 8,4% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt, 9% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og 9,8% kvenna með stúdentspróf.

Þegar spurningin er skoðuð út frá launum má sjá að 93,8% kvenna með há laun telja sig með vissu geta fengið pössun fyrir börnin sín í einn til tvo daga á meðan 87,2% þeirra með meðalhá laun og 73,2% þeirra með lág laun telja slíkt hið sama. Að sama skapi eru láglaunakonur hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig með vissu ekki geta beðið neinn um að gæta barna sinna (4,5%) en 2,8% kvenna með meðalhá laun og 2,3% kvenna með há laun töldu sig ekki geta fengið slíka aðstoð ef þær þyrftu óvænt að fara í burtu í einn til tvo daga.

Þegar litið er til spurningarinnar með tilliti til efnahagsstéttar kvennanna kemur í ljós að konur í fastlaunastétt eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig með vissu geta fengið pössun fyrir börnin sín í einn til tvo daga ef á þyrfti að halda (89,5%) á meðan 80,4% kvenna í millistétt og 72,2% kvenna í verkastétt töldu slíkt hið sama. Að sama skapi eru konur í verkastétt hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem telja sig með vissu ekki geta fengið slíka aðstoð (5,6%) en 3,9% kvenna í millistétt og 2,7% kvenna í fastlaunastétt meta stöðu sína með sama hætti.

**Tafla 48.** Hægt að leita til einhvers ef það þyrfti óvænt pössun fyrir börn í einn til tvo daga eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Já (með vissu)	Já líklegast	Nei líklega ekki	Nei (með vissu)
<b>Menntun</b> ** (N = 634)				
Grunnskólapróf eða sambærilegt	82,3%	9,4%	4,2%	4,2%
Iðnnám eða starfstengt nám	74,6%	16,4%	6,0%	3,0%
Stúdentspróf	73,5%	16,7%	4,9%	4,9%
Háskólapróf	88,2%	7,2%	1,7%	3,0%
<b>Launaflokkur</b> *** (N = 568)				
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	73,2%	18,2%	4,1%	4,5%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	87,9%	6,0%	3,3%	2,8%
Há laun (800 þúsund eða hærra)	93,8%	3,1%	0,8%	2,3%
<b>Efnahagsstétt</b> ** (N = 632)				
Verkastétt	72,2%	20,0%	2,2%	5,6%
Millistétt	80,4%	11,7%	3,9%	3,9%
Fastlaunastétt	89,5%	5,5%	2,3%	2,7%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

### 3.9 Líðan eftir búsetu

Í þessum kafla gefur að líta yfirlit yfir andlega líðan og líkamlegt heilsufar kvennanna með tilliti til stærðar þess byggðarkjarna sem þær búa í.

Tafla 49 sýnir hvernig menntunarstig, laun og stéttarstaða dreifast eftir búsetusvæðum. Ef lítið er til menntunar má sjá að 76% kvenna með grunnskólapróf eða sambærilegt búa ýmist í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu eða í stærri bæjum á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar) Sömuleiðis búa 82,2% kvenna með iðnmenntun eða starfstengda menntun á framhaldsskólastigi í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu eða í stærri bæjum á landsbyggð, 88,1% kvenna með stúdentspróf og 84,9% háskólamenntaðra kvenna. Konur með grunnskólapróf eru líklegastar til þess að búa í meðalstórum bæjum á landsbyggð (1000 til 5000 íbúar) eða dreifbýli (undir 1000 íbúum) en það á við um 24% þeirra miðað við til dæmis 15,1% kvenna með háskólapróf.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til launa sést að 79,9% láglaunakvenna búa í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu eða í stærri bæjum á landsbyggð, 85,8% kvenna með meðalhá laun og 84,7% kvenna með há laun. Láglaunakonur eru líklegastar til þess að búa í meðalstórum bæjum eða dreifbýli (20,1%) miðað við 14,2% kvenna með meðalhá laun og 15,3% kvenna með há laun.

Greint eftir efnahagsstétt sést að mjög svipað hlutfall kvenna býr í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu eða í stærri bæjum á landsbyggð eða 84,3% kvenna í verkastétt, 83% kvenna í millistétt og 83,6% kvenna í fastlaunastétt. Konur í verkastétt eru aðeins líklegri til að búa í dreifbýli en það á við um 8,4% verkakvenna, 7,2% kvenna í millistétt og 7,1% kvenna í fastlaunastétt.

**Tafla 49.** Íbúafjöldi á búsetusvæði, eftir menntun, launaflokki og efnahagsstétt.

	Þéttbýli á höfuðborgarsvæð inu	Stærri bær á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar)	Meðalstór bær á landsbyggð (ca. 1.000-5.000 íbúar)	Dreifbýli/Lítill bær/þorp á landsbyggð (undir 1.000 íbúum)
<b>Menntun</b> (N = 1195)				
Grunnskólapróf eða sambærilegt	63,1%	12,9%	12,9%	11,1%
Iðnnám eða starfstengt nám	68,2%	14,0%	10,8%	7,0%
Stúdentspróf	75,2%	12,9%	6,7%	5,2%
Háskólapróf	69,5%	15,4%	8,0%	7,1%
<b>Launaflokkur</b> (N = 1071)				
Lág laun (499 þúsund eða lægra)	66,6%	13,3%	10,5%	9,6%
Meðalhá laun (500-799 þúsund)	68,6%	17,2%	8,2%	6,0%
Há laun (800 þúsund eða herra)	71,4%	13,3%	8,9%	6,4%
<b>Efnahagsstétt</b> (N = 1184)				
Verkastétt	75,4%	8,9%	7,3%	8,4%
Millistétt	68,1%	14,9%	9,7%	7,2%
Fastlaunastétt	67,2%	16,4%	9,3%	7,1%

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Andleg líðan kvenna var greind eftir búsetu og tafla 50 sýnir alvarleikastig þunglyndiseinkenna kvennanna með tilliti til búsetu. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar má sjá að konur sem búa í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til þess að búa við alvarleg eða mjög alvarleg þunglyndiseinkenni, en það á við um 11,7% þeirra kvenna sem búa í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu. Algengi alvarlegra og mjög alvarlegra þunglyndiseinkenna minnkar eftir því sem íbúum á búsetusvæðinu fækkar. Þannig búa 10,7% kvenna sem búa í stærri bæjum á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar) við alvarleg eða mjög alvarleg þunglyndiseinkenni, 9,4% kvenna í meðalstórum bæjum (ca. 1.000-5.000 íbúar) og 7,8% kvenna í dreifbýli (undir 1.000 íbúum).

**Tafla 50. Klínískt þunglyndi, eftir búsetu.**

	Eðlilegt	Vægt	Miðlungs	Alvarlegt	Mjög alvarlegt
<b>Búseta</b> (N = 1198)					
Þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu	68,2%	8,5%	11,7%	5,6%	6,1%
Stærri bær á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar)	74,2%	9,6%	5,6%	6,2%	4,5%
Meðalstór bær á landsbyggð (ca. 1.000-5.000 íbúar)	74,8%	3,7%	12,1%	4,7%	4,7%
Dreifbýli/Lítill bær/þorp á landsbyggð (undir 1.000 íbúum)	74,4%	5,6%	12,2%	5,6%	2,2%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk					

Tafla 51 sýnir alvarleikastig kvíðaeinkenna kvenna með tilliti til búsetu. Hér snýst dæmið við en konur sem búa í dreifbýli (undir 1.000 íbúum) eru líklegastar til að búa við alvarleg eða mjög alvarleg kvíðaeinkenni, eða 15,4%. Því næst koma konur sem búa í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu (14,4%), konur sem búa í stærri bæjum á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar) (10,8%) en lægst er hlutfallið meðal kvenna sem búa í meðalstórum bæjum (ca. 1.000-5.000 íbúar) eða 7,3%.

**Tafla 51. Klínískur kvíði, eftir búsetu.**

	Eðlilegt	Vægt	Miðlungs	Alvarlegt	Mjög alvarlegt
<b>Búseta</b> (N = 1198)					
Þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu	69,6%	4,3%	11,7%	7,6%	6,8%
Stærri bær á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar)	72,9%	4,0%	12,4%	2,3%	8,5%
Meðalstór bær á landsbyggð (ca. 1.000-5.000 íbúar)	82,7%	1,8%	8,2%	1,8%	5,5%
Dreifbýli/Lítill bær/þorp á landsbyggð (undir 1.000 íbúum)	70,3%	3,3%	11,0%	11,0%	4,4%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk					

Tafla 52 sýnir alvarleikastig streitueinkenna kvennanna með tilliti til búsetu. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar má sjá að konur sem búa í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu eru í mestum mæli þær sem búa við alvarleg eða mjög alvarleg streitueinkenni, eða 17,1%. Sama hlutfall kvenna sem búa í stærri bæjum á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar) og þeirra sem búa í dreifbýli (undir 1.000 íbúar) búa við alvarleg eða mjög alvarleg streitueinenni (13,2%) en lægst er hlutfall þeirra kvenna sem búa í meðalstórum bæjum (ca. 1.000-5.000 íbúar) (9,2%).



**Tafla 52. Klínískt streita, eftir búsetu.**

	Eðlilegt	Vægt	Miðlungs	Alvarlegt	Mjög alvarlegt
<b>Búseta</b> (N = 1203)					
Þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu	57,6%	14,3%	11,1%	9,7%	7,4%
Stærri bær á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar)	63,4%	12,0%	11,4%	8,6%	4,6%
Meðalstór bær á landsbyggð (ca. 1.000-5.000 íbúar)	66,1%	11,9%	12,8%	4,6%	4,6%
Dreifbýli/Lítill bær/þorp á landsbyggð (Undir 1.000 íbúum)	60,4%	11,0%	15,4%	6,6%	6,6%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk					

Í töflu 53 gefur að líta niðurstöður um sjálfmetna líkamlega heilsu kvenna greint eftir búsetu. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar kemur í ljós að konur sem búa í meðalstórum bæjum (ca. 1.000- 5.000 íbúar) eru hlutfallslega flestar í hópi þeirra sem meta líkamlega heilsu sína slæma eða mjög slæma (11,6%) á meðan 10,8% kvenna sem búa í dreifbýli (undir 1.000 íbúar) og 7,8% kvenna sem bæði búa í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu og í stærri bæjum á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar) nefna slíkt hið sama.

**Tafla 53. Líkamlegt heilsufar, eftir búsetu.**

	Mjög gott	Gott	Sæmilegt	Slæmt	Mjög slæmt
<b>Búseta</b> (N = 1223)					
Þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu	27,8%	40,6%	23,7%	5,8%	2,0%
Stærri bær á landsbyggð (ca. 5.000-20.000 íbúar)	28,9%	38,3%	25,0%	6,7%	1,1%
Meðalstór bær á landsbyggð (ca. 1.000-5.000 íbúar)	25,9%	38,4%	24,1%	7,1%	4,5%
Dreifbýli/Lítill bær/þorp á landsbyggð (undir 1.000 íbúum)	19,4%	43,0%	26,9%	9,7%	1,1%
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk					

## Heimildaskrá

- Erikson, R. og Goldthorpe, J.H. (1992). *The constant flux. A study of class mobility in industrial societies*. Oxford: Clarendon Press.
- Esping-Andersen, G. (2009). *Incomplete revolution: Adapting welfare states to women's new roles*. Polity.
- Guðmundur Oddsson. (2010). Stéttavitund Íslendinga í kjölfar efnahagshruns. *Íslenska þjóðfélagið*, 1(1), 5-26.
- Guðmundur Oddsson. (2022). Class in Iceland. *Current Sociology*, 70(5), 761-780.  
<https://doi.org/10.1177/00113921211012740>
- Hagstofa Íslands. (2022). *Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð og stöðu á húsnæðismarkaði 2008-2021*.
- Hagstofa Íslands (2023). *Regluleg mánaðarlaun að jafnaði 668 þúsund krónur árið 2022*.  
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/laun-2022/>
- Henry, J. D., og Crawford, J. R. (2005). The short-form version of the Depression Anxiety Stress Scales (DASS-21): Construct validity and normative data in a large non-clinical sample. *British Journal of Clinical Psychology*, 44(2), 227-239.
- Lovibond, S.H. og Lovibond, P.F. (1995). *Manual for the Depression Anxiety Stress Scales* (2. útgáfa). Sydney: Psychology Foundation.
- McCall, L. (2000). Explaining levels of within-group wage inequality in U.S. labor markets. *Demography*, 37(4), 415–430. <https://doi.org/10.1353/dem.2000.0008>
- Rose, D. og Harrison, E. (2007). The European socio-economic classification: A new social class schema for comparative European research. *European Societies*, 9(3), 459-90.
- VanHeuvelen, T. (2018). Recovering the missing middle: a meso comparative analysis of within-group inequality, 1970–2011. *American Journal of Sociology*, 123(4), 1064-1116.  
<https://doi.org/10.1086/695640>